

# Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp

- Rannsóknir sumarið 2003

Ritstjórar: Adolf Friðriksson og Torfi H. Tulinius



Höfundar efnis: Adolf Friðriksson, Andrea S. Harðardóttir, Ragnar Edvardsson  
og Torfi H. Tulinius

**Fornleifastofnun Íslands**  
**FS213-03092**  
**Reykjavík 2003**



© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugata 3.  
101 Reykjavík  
Sími:5511033  
[fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

**Efni:**

- 1. Adolf Friðriksson og Torfi H. Tulinius: Vestfirðir á miðöldum**
- 2. Adolf Friðriksson: Fornleifar á Vestfjörðum**
- 3. Andrea S. Harðardóttir: Vatnsfjörður við Djúp**
- 4. Ragnar Edvardsson: Fornleifaskráning í Vatnsfirði 2003**
- 5. Ragnar Edvardsson: Fornleifarannsókn í Vatnsfirði 2003**

**Adolf Friðriksson og Torfi H. Tulinius:**

## **Vestfirðir á miðöldum - inngangsorð**

Sumarið 2003 hófust rannsóknir á fornleifum í landi Vatnsfjarðar við Ísafjarðardjúp. Voru þær liður í nýju samstarfi nokkurra aðila sem standa að félaginu Vestfirðir á miðöldum. Markmið þessa félags er að stuðla að nýjum rannsóknum á sögu og menningu Vestfjarða á miðöldum og að því standa Hugvísindastofnun HÍ, Fornleifastofnun Íslands, Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga, Byggðasafnið á Ísafirði, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Senter for studier i vikingtid og nordiske middelalder. Meðal verkefna félagsins á fyrsta starfsári þess 2002-2003 voru ráðstefna, sem haldin var á Ísafirði dagana 13.-15. júní 2003, útgáfa ráðstefnurits í samstarfi við Sögufélag Ísfirðinga, og fornleifakönnun í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugunum á fornleifum.

Gert hefur verið ráð fyrir að meðal helstu viðfangsefna félagsins verði fornleifarannsóknir á Vestfjörðum. Fyrsti áfangi fornleifarannsókna fólst í því að taka saman yfirlit yfir fornleifar á Vestfjörðum og stöðu rannsókna í þeim tilgangi að meta hvaða minjaflokka og staði væri heppilegast að hefja rannsóknir á. Samantektin er birt hér á eftir í næsta kafla og greinir frá fyrri rannsóknum á helstu minjaflokkum. Meðal þeirra staða sem taldir hafa verið áhugaverðir er Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp, enda er hann með helstu sögustöðum héraðsins. Var því ákveðið að leggja sérstaka áherslu á athuganir þar. Andrea S. Harðardóttir sagnfræðingur tók saman sögulegt yfirlit og safnaði helstu heimildum um Vatnsfjörð og búsetu þar (3. kafla). Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur gerði sérstaka fornleifaskrá yfir Vatnsfjörð og fann 52 fornleifar á jörðinni (4. kafla). Er nú fengið gott yfirlit yfir þekktar og sýnilegar minjar í Vatnsfirði. Ragnar stjórnaði jafnframt forkönnun á bæjarstæði Vatnsfjarðar sumarið 2003 (5. kafla). Grafnir voru nokkrir könnunarskurðir, sem m.a. leiddu í ljós að fornleifar í bæjarhól og túni eru vel varðveittar og ákjósanlegt rannsóknarefni. Í túninu fundust leifar skála með langeld í miðju og er án efa frá landnámsöld. Gert er ráð fyrir að skálinn verði grafinn upp í heild í næsta rannsóknaráfanga, en að haldið verði áfram athugunum á bæjarhólnum síðar.

Ritstjórar þessarar skýrslu vilja þakka öllu því góða fólki sem þátt hefur tekið í þessum verkefnum sem og þeim sem aðstoðað á ýmsa lund. Alþingi Íslendinga og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veittu styrki til verkefnisins og kostuðu þær rannsóknir sem hér er greint frá.

Adolf Friðriksson:

## Fornleifar á Vestfjörðum

Fornleifarannsóknir hófust á Íslandi á seinni hluta 19. aldar, er áhugamenn um verndun og rannsóknir á sögustöðum og fornminjum stofnuðu Hið íslenska fornleifafélag (1879). Félagið kostaði leiðangra fornfræðinga um söguslóðir í öllum landsfjórðungum. Fram til þessa höfðu nokkrar tilraunir verið gerðar til að safna saman upplýsingum um minjar á landsvísu, einkum á vegum hinnar konunglegu fornleifanefndar í Danmörku á fyrri hluta 19. aldar, og Bókmenntafélagsins um miðja öldina. Dálítið af upplýsingum safnaðist um fornleifar á Vestfjörðum, og voru fáeinir staðir friðlýstir um 1930, en í raun er lítið vitað um fjölda fornleifa í fjórðungnum, varðveislu þeirra og ástand, aldur og gerð. Engar fornleifarannsóknir fóru fram frá því Fornleifafélagið hætti rannsóknarferðum sínum uppúr aldamótunum 1900 og þar til Þjóðminjasafnið lét rannsaka merkan kumlfund í Vatnsdal um 60 árum síðar. Á síðastliðnum áratug hófst kerfisbundin fornleifaskráning og eru fyrirbyggjandi skrár úr einstökum héruðum þau gögn sem gefa hvað gleggsta yfirsýn yfir vestfirskar minjar. Fornleifaskráning er þó fyrst og fremst kortlagning minja sem þekktar eru úr heimildum frá 19. og 20. öld, eða eru sjáanlegar eru á yfirborði. Um eldri minjar, og staði sem huldur eru sverði er fátt vitað. Á síðustu áratugum hafa rannsóknir með uppgrefti færst í vöxt, en athygli fornleifafræðinga hefur fremur beinst að minjum í öðrum landsfjórðungum en Vestfjörðum. Um nýliðin aldamót hefur orðið breyting á og hafa nokkrir uppgreftir verið gerðir á vestfirskum fornleifum. Í þessu erindi verður gefið yfirlit yfir helstu minjar og rannsóknir á þeim og leitast verður við að meta stöðu rannsókna á Vestfjörðum.

### Söguminjar

Fræðilegur áhugi á fornleifum á Vestfjörðum beindist í fyrstu að söguslóðum. Fornfræðingarnir Kristian Kálund<sup>1</sup>, Sigurður Vigfússon<sup>2</sup> og Brynjúlfur Jónsson<sup>3</sup> skráðu lýsingar á minjum og stöðum sem þeir töldu að kæmu fyrir í fornsögunum. Þeir skoðuðu leifar þingstaða í Þorskafirði og Dýrafirði, skráðu fornar leiðir, hauga, hof og hörnga og báru saman örnefni og landslag við frásagnir fornritanna. Gerði Sigurður nokkrar takmarkaðar

<sup>1</sup> *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island*. Kh. 1877-1882.

<sup>2</sup> “Rannsókn í Breiðafjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881.” *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* [hérefitir “Árbók”] 1882, bls. 60-105; - “Rannsókn um Vestfirði, einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.” *Árbók* 1883, bls. 1-70; - “Rannsókn á Vestfjörðum 1888.” *Árbók* 1888-1892, bls. 124-142.

<sup>3</sup> “Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.” *Árbók* 1899, bls. 6-18.

athuganir með uppgrefti á völdum stöðum. Hann gróf í svokallaðar Flókatóftir við Brjánslæk, sem nefndar eru í Hauksbók Landnámu, og taldi vafalaust að væru minjar um vetrardvöl Hrafna-Flóka<sup>4</sup>. Sigurður lagði sérstaka áherslu á rannsóknir á sögustöðum Gísla sögu. Hann gróf í Vésteinshaug, sem hann kallaði svo, á mel niðri við Seftjörn í Haukadal. Fann hann steinalag í hólnum, mold þar undir og jafnvel vott af ryði. Hefur síðari fræðimönnum þótt þessi fundur tortryggilegur, og “dæmi þess að kapp og óskhyggja leiddi Sigurð Vigfússon á glapstigu”.<sup>5</sup> Sigurður gróf einnig í mannvirki á Valseyri við Dýrafjörð. Taldi hann þar vera búðaleifar Valseyrarþings. Eitt mannvirkið skar sig úr. Virtist það vera e.k. ferhyrndur pallur, rúm 40 fet á hvorn veg. Við uppgröft komu ekki fram neinar taðleifar og taldi Sigurður víst að þar væri fundið dæmi um lögréttu á vorþingi. Í leiðangri um Vestfirði 1884 endurtók Björn M. Ólsen athugun Sigurðar og dró í efa að þar væru minjar lögréttu, enda hefði lögréttu einungis starfað á Alþingi.<sup>6</sup> Þótt efast væri um lögréttutóft Sigurðar á Valseyri voru margar aðrar athuganir hans álitnar trúverðugar fram eftir 20. öld og urðu undirstaða friðlýsinga minja á Vestfjörðum, s.s. meintar leifar hofs í Hvammi á Barðaströnd, stór hörgur með blótsteini hjá Bakka í Tálknafirði o.s.v.fr. Þegar dró úr tiltrú fræðimanna á sögulegt gildi fornsagnanna dagaði sögustaðfræðin fljótt uppi. Þess í stað færðist áherslan í rannsóknum á fáeina minjaflokka, þ.e. kuml, þing og landnámsbýli, sem nú eru meginstofninn í þekkingu okkar á fornleifum Vestfjarða.

## Landnámsbæir

Jörðin geymir margvíslegar heimildir um landnámsöld og hefur það tímaskeið verið helsta viðfangsefni fornleifafræðinga frá upphafi rannsókna. Fornir skálar hafa verið rannsakaðir í öllum landshlutum á síðustu árum og áratugum. Hafa rúmlega 20 slíkar byggingar verið rannsakaðar og gefa þær almenna mynd af húsakosti landnámsmanna. Við upphaf byggðar flutti landnámsfólkið með sér húsbyggingahefð úr sínum heimahéruðum sem síðan var mótuð að íslenskum aðstæðum. Elstu byggingar sem hér hafa fundist bera dæmigerðan járnaldarsvip sem kunnur er víða í norðanverðri Evrópu, þ.e. aflangar skálabyggingar með bogadregnum veggjum sem dragast saman við gaflana. Algengt er að finna hálfniðurgrafin hús hjá skálanum, s.k. jarðhús, og viðbyggingar af ýmsu tagi.

Einn slíkur skáli var rannsakaður á Eyri (Hrafnseyri) við Arnarfjörð árin 1977 og 1978.<sup>7</sup> Hann er með minnstu skálum sem fundist hafa á Íslandi, eða um 13.4 m langur og 5.4 m breiður að innanmáli, með langeld í miðju og litla útbyggingu bakatil. Veggir voru úr torfi, en mjög illa varðveittir, og austurgافل hússins var töluvert skemmdur af völdum Hrafnseyrarár sem þar rennur hjá. Á eyrinni þar sem skálinn stendur fundust fleiri minjar, m.a. tvö, lítil jarðhús og leifar tveggja bygginga sem gætu hafa verið notaðar sem smiðjur. Við uppgröftinn fundust munir sem jafnan finnast í bæjarleifum: brýni, naglar, sörvistölur, tálgusteinsbrot og kljásteynar. Aldursgreining með geislakoli bendir til landnámsaldar.

Bæjarleifarnar á Eyri eru þær einu sem rannsakaðar hafa verið á Vestfjörðum. Skálinn sver sig í ætt við sambærilegar byggingar frá sama tímaskeiði í öðrum landshlutum, en rannsóknir á fleiri stöðum mun þurfa til að draga fram möguleg, héraðsbundin sérkenni. Um húsagerð á síðari öldum á Vestfjörðum er lítið sem ekkert vitað. Engar byggingaleifar aðrar en Eyri hafa verið rannsakaðar til þessa. Veðurlag og önnur ytri skilyrði, s.s. nýtilegt byggingarefni í

<sup>4</sup> *Árbók* 1893, bls. 9-15.

<sup>5</sup> Kristján Eldjárn. Adolf Friðriksson (ritstj.) (2000) *Kuml og haugfé.*, Rv., bls. 119; Sigurður Vigfússon, *Árbók* 1883, bls. 24 o. áfr., sbr. Gísla sögu Súrssonar, Íslenzk fornrit VI, bls. 45, og formála, bls. XXX-XXXI.

<sup>6</sup> Björn M. Ólsen “Rannsóknir á Vestfjörðum 1884.” *Árbók* 1884-1885, bls. 1-23.

<sup>7</sup> Guðmundur Ólafsson, “Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð.” *Árbók* 1979, bls. 25-73.

náttúrunni, hefur eflaust sett sitt mark á þróun húsagerðar í héraðinu og er það verkefni framtíðarinnar að rannsaka þau sérkenni nánar.

## Vestfirsk kuml

Haugar og fornar grafir eru jafnan stærstu þekktu minjaflokkarnir í hverju héraði. Til er fjöldi sagna um haugfjár- eða mannabeinafundi, um legstaði fornanna, haugrof og þessháttar. Jón Ólafsson frá Grunnavík tók saman yfirlit yfir sagnir um nokkra tugi slíkra staða um miðja 18. öld og konunglega fornleifanefndin fékk skýrslur frá sóknarprestum um rúmlega 700 hauga víðsvegar um landið í byrjun 19. aldar<sup>8</sup>. Þar af voru 50-60 haugar og forn leiði á Vestfjörðum. Flestar eru þessar sagnir mjög þjóðsögulegs eðlis eða til þess fallnar að skýra nöfn á stökum og óvenjulegum hólum, en í fæstum tilfellum hefur verið gengið úr skugga um hvort um kuml úr heiðni sé að ræða. Aðeins ein þessara frásagna er nú talin áreiðanleg lýsing á kumlfundi, þ.e. á Höfða við Dýrafjörð. Þar fannst í sjávarbakka á Höfðaeypri, neðan við bæinn, spjótsbrot, bátssaumur, sverðsleifar o.fl. og bendir það til að þar hafi merkur kumlfundur horfið í sjávarrofi.

Frá sjónarhóli fornleifafræðinnar eru heiðnar grafir afar mikilvægur flokkur minja, því þær veita ekki aðeins upplýsingar um fornan greftrunarsið, heldur geta þær einnig gefið vísbendingar um fjölmarga aðra þætti, s.s. samfélagsgerð, efnahag, heilsufar og trúarlíf. Í dag eru þekktir kumlstaðir á landinu alls 159, en á Vestfjörðum öllum reyndar aðeins sjö: Berufjörður, Skerðingsstaðir, Brjánslækur, Breiðavík, Vatnsdalur, Höfði og Tyrðilmýri. Á flestum staðanna hafa fundist tvær eða fleiri grafir. Hvað segja þessi kuml okkur um upphaf byggðar og þróun samfélags á Vestfjörðum? Hvað má lesa úr þeim um vestfirskan greftrunarsið í heiðni?

Hvað vestfirsk kuml varðar verða svör við ofangreindum spurningum heldur rýr. Mikilvægt er að notast við traustar, fornleifafræðilegar heimildir við rannsóknir sem þessar. Ekki nægir að finna kuml á stöku stað, heldur er æskilegast að kumlin séu óhreyfð, að ekki hafi verið hróflað við þeim á síðari öldum. Kumlum hefur víða verið raskað og þau rænd. Slíkt rask getur t.a.m. gefið ranga mynd af upprunalegum fjölda haugfjár, og því vonlítið að nota sem vísbendingu um t.d. samfélagsstöðu.

Þekktir fundarstaðir á Vestfjörðum eru of fáir til að draga megi af þeim víðtækar ályktanir, en auk þess eru þeir illa varðveittir og haugfé lítið. Rúmlega helmingur staðanna fannst fyrir aldamótin 1900 og lýsing á þeim því heldur frumstæð á mælikvarða nútímavísinda. Er t.a.m. heildarfjöldi grafa á hverjum stað ekki ávallt tilgreindur, hvað þá upplýsingar um aðra þætti greftrunarinnar. Á Vestfjörðum hafa fundist a.m.k. um 35 grafir, en að frátöldum 2-3 grófum, hefur verið hróflað við þeim öllum. Svo virðist sem Vestfirðingar hafi verið ötulli við grafarrán en aðrir landsmenn því í öðrum héruðum eru hlutföllin u.þ.b. til helminga. Það er spurning hvort þetta atriði segi meira um Vestfirðinga eða kumlin þeirra. Engin viðhlítandi skýring er fyrir hendi, en freistandi er að leita hennar í umhverfisþáttum. Á Vestfjörðum hefur t.a.m. jarðvegsþykknun verið lítil frá landnámsöld og minni þar en víðast annarsstaðar á landinu. Má því vera að kumlin hafi verið meira áberandi í vestfirsku landslagi um aldir og því auðveld bráð, en dulist betur í umhverfi þar sem áfoksjarðvegur gefur þeim náttúrulegri svip eða hylja þau með öllu.

---

<sup>8</sup> Jón Ólafsson frá Grunnavík, AM 434, fol; *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*. Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv. 1983.

Þótt þekktar kumlleifar séu fátæklegar, eru nokkur atriði sem eru athygli verð, og vitaskuld er ekki öll von úti um að finnist fleiri kumlfundir. Kumlin eru sjálfstæður fornleifafræðilegur vitnisburður um að byggð var hafin á Vestfjörðum á ofanverðri víkingaöld, og að fyrstu kynslóðir Vestfirðinga hafi hneigst að heiðnum sið líkt og í öðrum landshlutum. Vestfirsk kuml virðast hafa nokkur sérkenni. Samkvæmt fyrirliggjandi lýsingum hefur verið algengt að nota grjót í kumlin og því raðað svo haganlega að sumir kumlgrafarar tala um steinþrær eða kistur. Hestar eru algengasta haugfé í íslenskum kumlum, en aðeins þekkt í einu tilfelli fyrir vestan. Að öðru leyti er óvarlegt að álykta um vestfirskt haugfé vegna lakrar varðveislu. Þar hefur t.a.m. ekkert spjót fundist svo vitað sé, en þau eru langalgengasti vopnfundur í kumlum. Algengasta skart úr málmum eru kúptar nælur, en þær hafa ekki fundist þar heldur. Brýnt er að finna fleiri kuml og kumlatega og taka til rannsókna.

## Nýjar rannsóknir

Íslensk fornleifafræði hefur lengi verið utanveltu í alþjóðlegu umhverfi fræðigreinarinnar. Í seinni tíð hafa nýir straumar erlendis frá borið með sér ferskar rannsóknarhugmyndir, en fornleifafræðingar hér á landi hafa fyrst og fremst lagt stund á uppgröft á fornleifum í þeim tilgangi að lýsa minjunum sjálfum, aldri þeirra og gerð. Frá því um miðja 20. öld hefur verið lögð aukin áhersla á að fræðigreinin fái ekki einungis við áhalda- og mannvirkjalýsingar, heldur sé einnig þess megnug að varpa ljósi á breytingar sem orðið hafa í tímans rás á högum fólks, samfélagsgerð og menningu. Tilraunir til að skýra flókna samfélagsþætti með vitnisburði fornleifafræðinnar krefjast þess að fyrir liggi stór gagnasöfn, t.a.m. uppgrafnir bæir, þorp og grafreitir. Því er ekki að heilsa hér á landi enn sem komið er. Þrátt fyrir að sérstök áhersla hafi legið á rannsóknum á húsagerð, hefur einungis á um þriðja tug bæjarleifa verið grafinn upp (að hluta) víðsvegar um land og eru þær minjar frá ýmsum tímum, en gefa aðeins takmarkaða sýn á gerð og þróun íslenskra híbýla. Fornar grafir hafa ávallt verið einn helsti heimildaflokkur fornleifafræðinnar, en eins og fram hefur komið þá hefur bróðurpartur þekktra kumla hér á landi stórlega skert heimildagildi vegna lakrar varðveislu.

Grundvöllur að markvissu rannsóknarstarfi er fornleifaskráning, þ.e. kortlagning allra þekktra minja, þ.m.t. skráning vísbendinga um horfna minjastaði, og allir þeir staðir sem samkvæmt lögbundinni skilgreiningu teljast til fornleifa þótt þar séu engin forn mannvirki, s.s. átrúnaðarstaðir, leiðir, og staðir sem tengjast atvinnuháttum o.þ.h. Á síðustu 10 árum hefur fornleifaskráning á Vestfjörðum færst í vöxt. Fornleifar hafa m.a. verið skráðar í Bolungarvík, Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi og Reykhólahreppi.<sup>9</sup> Gefa þessar grunnrannsóknir margvíslega möguleika á að nýta fornleifar sem heimildir, t.d. um byggðarsögu síðari alda.

---

<sup>9</sup> Guðmundur Ólafsson (1994). Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi, Vesturbyggð, Barðastrandarsýslu. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns 1994:7. Orri Vésteinsson (1996). Menningarminjar í Vesturbyggð: Svæðisskráning, Rv., Fornleifastofnun Íslands (hérefir "FSÍ"); - (2000). Fornleifakönnun. Sorpbrensla á Patreksfirði. Rv., FSÍ; Ragnar Edvardsson (1996). Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað, fyrsti hluti: Kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum. Rv., FSÍ; - (1998). Fornleifakönnun vegna Djúpvegur í Ísafirði. Rv., FSÍ; - (1999). Deiliskráning á Flateyri. Rv., FSÍ; - (1999). Deiliskráning á Kirkjubóli í Engidal. Rv., FSÍ; - (1999). Deiliskráning á Suðureyri. Rv., FSÍ; - (1999). Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu. Rv., FSÍ; - (2000). Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegur í Ísafjarðarsýslu. Rv., FSÍ; - (2000). Fornleifakönnun vegna Vestfjarðavegar frá Skálmarfirði til Kollafjarðar, Rv., FSÍ; - (2000). Fornleifaskráning í Bolungarvík. Lokaskýrsla. Rv., FSÍ; - (2000). Fornleifaskráning í Kaldrananesi. Rv.



Eins hefur farið fram sérstök skráning á tilteknum minjaflokkum í vísindalegum tilgangi. Þannig voru t.a.m. svokallaðir dómhringar athugaðir og leiddi sú rannsókn í ljós að þessar minjar eru af ýmsum toga, en fæstar eða engar hafa verið þing- eða dómstaðir.<sup>10</sup>

Nýlega hafa fundarstaðir kumla á Vestfjörðum verið skráðir, m.a. í þeim tilgangi að kanna hvort staðarval fylgi ákveðinni reglu eða ekki. Niðurstaðan er sú að staðsetningin er mjög reglubundin: kumlin eru nær ávallt við leiðir og oft á sjávarbökkum. Gæti þessi regla auðveldað leit að fleiri kumlum og gefið von um að auka við nýjum kumlfundum.

Ný úttekt hefur einnig verið gerð á þingminjum á Vestfjörðum í þeim tilgangi að gera þar frekari rannsóknir ef þess er kostur. Minjar Þorskafjarðarþings eru illa varðveittar. Hafa þær spillst af völdum ágangs Músarár, og eins vegna vegagerðar og trjágróðurs. Meintar þingminjar á Valseyri í Dýrafirði eru einnig illa varðveittar og skemmdar af skriðum, uppblæstri og landbroti. Á Þingeyri eru hinsvegar enn, vel varðveittar minjar sem taldar eru vera þingstaður. Hluti minjanna hefur horfið undir byggingar, en enn má sjá allmargar tóftir, sem skipa sér í raðir, svipað og á öðrum þekktum þingstöðum, s.s á Hegranesi í Skagafirði.<sup>11</sup> Rannsóknir á Þingeyri gætu leitt í ljós aldur og gerð þessara mannvirkja, og aukið við þekkingu okkar á samfélagslegri og pólitískri þróun í héraðinu í fornöld.

Loks hafa einnig verið gerðar nýjar rannsóknir á verstöðvum og er þar m.a. beitt mjög sérhæfðum aðferðum við rannsóknir á öskuhaugum þar sem beinaúrgangur er notaður sem heimild um mataræði, fiskveiðar og aðra efnahagslega þætti. Hafa slíkar minjar m.a. verið rannsakaðar í Akurvík í Árneshreppi, Sauratúni í Kaldrananeshreppi og Skálavík í Bolungarvík og gefa von um góðan árangur.<sup>12</sup>

Afrakstur allra þessara nýju rannsókna á hinum ýmsu minjaflokkum er mikilvæg viðbót við þekkingu okkar á vestfirskum minjum, en ekki er síst mikilvægt að rannsaka einnig sjálfa bústaði fólksins. Þegar þetta er ritað hefur tveimur nýjum uppgrafarverkefnum verið hrundið af stað. eru það annarsvegar rannsóknir á bæjarleifum Eyrar og Vatnsfjarðar við Ísafjarðardjúp. Í ljós hefur komið að á báðum þessum stöðum eru vel varðveittar byggingaleifar og rannsóknir á þeim munu ekki aðeins varpa ljósi á sögu og þróun búsetu þar, heldur einnig á marga almenna menningarsögulega þætti sem og hin ýmsu sérkenni mannlífs við Djúpið.

---

<sup>10</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1992). "Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar." *Saga XXX*, bls. 7-79.

<sup>11</sup> Adolf Friðriksson (ritstj.) (2002). "Þinghald til forna." Rv., FSÍ.

<sup>12</sup> Amorosi, T., and T. H. McGovern. (1992). *Archaeological Investigations in Árneshreppur. Northwest Iceland: A preliminary Report of Results of the 1990 Field Season and the Icelandic Paleoconomy Project.* Dept. of Anthropology. Hunter College; Ragnar Edvardsson, munnl. uppl.

**Andrea S. Harðardóttir**

## **Vatnsfjörður við Djúp**

Jörðin er „hæg til nytja á landi, sjálfgirt sjó á þrjá vegu og á fjórða veginn í senn greiðfært til næstu sveita á landi og auðvelt að geyma fénað, þó að hlaupa vilji á braut til fjalla eða hafi annað stök í huga. Heimalandið er fjölhæft og hægt til beitar og afréttarlönd góð. Slægjur heima fyrir eru ekki miklar og hafa aldrei verið og túnið ekki mikið, þó samilega stórt og grasgefið. Jörðinni hefur frá öndverðu fylgt mikil ey, Borgarey, grösug og ræktuð af fugli, .... Vatnsfjörður hefur því á öllum öldum verið notaleg búsaðlarjörð, ekki stór jörð, en þar vantar fátt það, sem krafizt er af góðri bújörð á Íslandi.<sup>13</sup>

Vatnsfjörður við Ísafjarðaradjúp er landnámsjörð ef marka má orð Landnámu. Snæbjörn, sonur Eyvindar austmanns nam land á milli Mjóafjarðar og Langadals og setti bú sitt í Vatnsfirði.<sup>14</sup>

Vatnsfjarðar er víða getið í Íslendingasögum. Nafntoguðustu íbúar staðarins ef marka má þær frásagnir, var Vermundur Þorgrímsson og kona hans, Þorbjörg hin digra, dóttir Ólafs pá. Þótti hún bæði vitur og stórlynd og þekkt er sagan af því er hún bjargaði Gretti Ásmundarsyni úr höndum kotbænda við Djúp er þeir hugðust koma honum fyrir kattarnef. Dvaldi Grettir um hríð hjá þeim hjónum í Vatnsfirði.<sup>15</sup>

Á 12.öld bjó Þórður Þorvaldsson, tengdasonur Hafliða Mássonar í Vatnsfirði. Lét hann reisa þar kirkju en setti jafnframt þau skilyrði að hún yrði á forræði hans og hans erfingja.<sup>16</sup> Kirkjan er nefnd í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200.<sup>17</sup>

Afkomendur Þórðar bjuggu í Vatnsfirði næstu mannsaldra. Sonarsonur Þórðar, var Þorvaldur Snorrason Vatnsfirðingur, tengdasonur Snorra Sturlusonar og einn alræmdasti ábúandi í Vatnsfirði. Mun hans einna helst minnst fyrir að hafa látið taka Hrafn Sveinbjarnarson af lífi. Fyrir þá sök, brenndur Hrafnssynir hann inni á Gillastöðum<sup>18</sup>

<sup>13</sup> Arnór Sigurjónsson: Vestfirðingasaga. Bls. 58-59.

<sup>14</sup> „Landnáma” Íslensk fornrit. 1. bindi, fyrri hluti. Bls. 190.

<sup>15</sup> „Grettis saga Ásmundssonar” Bls. 166-171.

„Fóstbræðra saga” Bls. 121.

<sup>16</sup> Sturlunga saga. Bls.785.

<sup>17</sup> Íslenskt fornbréfasafn XII. Bls. 14.

<sup>18</sup> Sturlunga saga. Bls. 243, 308.

Eftir fráfall Þorvaldar, þjuggu synir hans í Vatnsfirði, þeir Þórður og Snorri, þar til þeir voru teknir af lífi árið 1232 vegna þátttöku sinnar í Sauðafellsför. Snorri Sturluson, setti son sinn, Órækju yfir Vatnsfjörð, átti hann af hafa umsjón með arfleifð Einars, systursonar síns sem lifði föður sinn og bræður en var ófullveðja þegar þetta var. Órækja var illa þokkaður af héraðsmönnum og hraktist fljótlega í burtu.<sup>19</sup>

Einar Þorvaldsson átti í deilum við Árna biskup um yfirráð yfir Vatnsfjarðarstað. Fór svo að deiluaðilar voru kvaddir til Björvinjar árið 1273, þar sem erkibiskup úrskurðaði, að þrátt fyrir fyrirmæli Þórðar Þorvaldssonar um eignarrétt afkomenda hans á kirkjustaðnum, skyldi staðurinn settur undir yfirráð biskups.<sup>20</sup>

Einar hundsáði niðurstöðu erkibiskups og hélt jörðinni þó svo að hann kallaði með því yfir sig reiði biskups og bannfæringu.<sup>21</sup>

Ekkert er getið í heimildum um börn Einars en á fyrri hluta 14.aldar, bjó í Vatnsfirði Eiríkur Sveinbjarnarson, riddari og hirðstjóri vestan lands og norðan. Talið er að móðir hans hafi verið dóttir Einars Þorvaldssonar. Eiríkur var lagður til hvílu fyrir kórðyrnunum í þáverandi Vatnsfjarðarkirkju en kona hans, Vilborg Sigurðardóttir, fyrir framan örkina. Kirkjan mun hafa verið reist að undarlagi Eiríks.<sup>22</sup>

Sonur Eiríks og Vilborgar var Einar. Lítið er um hann vitað og ekkert bendir til þess að hann hafi verið kvæntur. Varðveist hefur testamentisbréf Einars Eiríkssonar í Vatnsfirði frá árinu 1383, þar sem hann gefur Vatnsfjarðarkirkju dánargjafir og kýs sér þar legstað.<sup>23</sup>

Óskilgetinn sonur Einars og Grundar-Helgu var Björn Einarsson Jórsalafari. Þar sem hann var ekki réttborinn til arfs, varð hann að kaupa jörðina af ættingjum. Á þessum tíma var helmingur hennar kominn í eigu kirkjunnar og því náðu kaupin einungis yfir bóndaeignina. Björn mun hafa greitt 150 hundruð fyrir hana sem þó var einungis metin á 30 hundruð.<sup>24</sup> Kaupsamninginn var gerður í Vatnsfirði þann 27. nóvember 1387.<sup>25</sup>

Björn var vinsæll höfðingi á sinni tíð, gaf Vatnsfjarðarkirkju marga góða gripi auk ítaka í jörðum. Kaus hann sér legstað í forkirkjunni í Vatnsfirði er forlögin höguðu því þannig að hann var lagður til hinstu hvílu í Skálholti.<sup>26</sup>

Kristín dóttir Björns og Solveigar Þorsteinsdóttur konu hans, bjó um stund í Vatnsfirði ásamt seinni manni sínum Þorleifi Árnasyni. Þótti hún búforkur mikill, var kennd við staðinn þó svo að jörðin yrði aldrei hennar.<sup>27</sup>

Solveig Þorsteinsdóttir, gaf dóttursyni sínum, Birni Þorleifssyni bóndaeignina Vatnsfjörð og bjó hann þar um tíma ásamt konu sinni, Ólöfu Loftsdóttur. Til eru bréf sem vitna um, að Björn Þorleifsson, hafi gefið Solveigu dóttur sinni, þá fjögurra daga gamalli, jörðina. Þrátt fyrir þetta kom staðurinn í hlut Þorleifs, bróður Solveigar að Birni gengnum. Í kjölfarið fór af stað skriða deilna og átaka milli afkomenda Björns um eignarrétt á staðnum. Blönduðust kirkjuhöfðingjar inn í átökin þar sem þeir töldu sig hafa vitnisburð þess efnis, að Björn Einarsson Jórsalafari hafi ætlað kirkjunni Vatnsfjarðareignir eftir dauða sinn. Málið var endanlega til lykta leitt, þegar Ögmundur Pálsson fór utan til biskupsvígslu og fékk staðfestingu erkibiskups á ótvíræðum eignarrétti kirkjunnar á staðnum.<sup>28</sup> Hannes Eggertsson reyndi að gera tilkall til staðarins fyrir hönd konur sinnar árið 1530 en tapaði málinu.<sup>29</sup>

<sup>19</sup> Sturlunga. Bls. 235, 241, 255, 300.

<sup>20</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XII. Bls.17.

<sup>21</sup> Sturlunga. Bls. 854-855.

<sup>22</sup> Einar Bjarnason: „Auðbrekkubréf og Vatnsfjarðarerfðir.“ Bls. 384-390.

<sup>23</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III. Bls. 365-366.

<sup>24</sup> Arnór Sigurjónsson: Vestfirðingasaga 20-21.

<sup>25</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III. Bls. 399-400.

<sup>26</sup> Jóhann Hjaltason: „Ísafjarðardjúp að vestan.“ Bls. 98.

<sup>27</sup> Arnór Sigurjónsson: Vestfirðinga saga. Bls. 58.

<sup>28</sup> Arnór Sigurjónsson: Vestfirðingasaga. Bls. 56, 240-254, 272-277, 334, 374-375, 388-456

<sup>29</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XV. Bls. 319-320

Árið 1546 kom Jón biskup Arason í Vatnfjörð á yfirreið sinni um Vestfirði. Um þá heimsókn er höfð eftir honum þessi vísa.

Virðist mér Vatnsfjörð  
vera sem sagður er  
heiðarlega húsað,  
horfinn um með grænt torf.

Kristín hefur byggt bezt,  
búið hér vel, frú,  
hann kalla eg heppinn,  
sem hlotið fengið slíkt kot.”<sup>30</sup>

Ekki fer miklum sögum af Vatnsfjarðarbúum eftir illdeilurnar á 16. öld fyrr en sr. Jón Arason, sonur Ara sýslumanns í Ögri, tekur við prestsskap þar árið 1635 og gerist síðar prófastur héraðsins. Jón lést árið 1673 en við embættunum tók Guðbrandur, sonur hans. Voru þeir feðgar annálaðir fræðimenn og eru Vatnsfjarðarannaálar tveir m.a. runnir undan þeirra rifjum.<sup>31</sup>

Prestar staðarins gegndu jafnframt stöðu prófests í héraðinu og voru margir þeirra þekktir búhóldar og fræðimenn líkt og þeir feðgar Jón og Guðbrandur.

Séra Hjalti Þorsteinsson, prestur og prófastur í Vatnsfirði, var einn nafntogaðasti myndlistarmaður síns tíma hér á landi. Hann tók við brauðinu sumarið 1692 og bjó í Vatnsfirði í 50 ár. Á tímum Hjalta í Vatnsfirði „... voru þar hús stórlega mikil, bæði bæjarhús og kirkja. Var þar timburkirkja gömul, svo að ætla má að hún hafi ekki verið yngri en frá miðri 15. öld, sögð smíðuð af Sigvalda langlíf, en kann að hafa verið eldri.”<sup>32</sup>

Jón Eyjólfsson var á ferð í Vatnsfirði árið 1707. Skráði hann ferðasögu sína og í henni má finna lýsingum af bæjarhúsunum í Vatnsfirði frá árinu 1707. Þar segir m.a.:

„Ein tópt þar í bænum er 24 faðmar á lengd, það var skálinn og skálahúsið. Nú hefur það tvígang stytzt verið og eru 10 rúm hvorn veg í skála og 6 álnir millum stokka, en 40 manns gátu sofið í loptsængunum millum bita; tvígang hefur hann nú mjókkaður verið...”<sup>33</sup>

**Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín** er dýrleiki jarðarinnar sagður óviss:

„... því staðurinn er tíundarfrí so sem öll önnur beneficia hjer á landi.

Ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Hjalti Thorsteinsson.

Landskuld engin, því presturinn nýtur staðarins frí til uppheldis sjer,  
so sem aðrir beneficiati.”<sup>34</sup>

Vatnsfjarðar er getið í **Jarðatali á Íslandi**. Þar segir m.a.

Brauðið er metið 69 rbd. Tún staðarins stendur á mel og gefur af sér 50-100 hesta, en Borgarey, þó hún sé snögg og harðslæg, 3-4 kýrfóður. Aðrar slægjur eru eigi teljandi. Útræði er nokkurt á haustum, silúngs-veiði fremur til gamans enn gagns, eggver eigi teljandi í Borgarey, en þar og heima eru 10-15 kópar veiddir á ári.<sup>35</sup>

Á 18.öld er Vatnsfjarðarkirkju víða getið í visitasíum frá Vestfjörðum. Þær gefa þokkalega mynd af kirkjunni en eru fremur fátækar af upplýsingum um staðinn sjálfan að öðru leyti.<sup>36</sup>

<sup>30</sup> „Skarðsárannáll 1400-1640” Bls. 106-107

<sup>31</sup> Jóhann Hjaltason: „Ísafjarðardjúp að vestan.” Bls.100.

<sup>32</sup> Kristján Eldjárn: „Listaverk séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfjarðarkirkju.” Bls. 9.

<sup>33</sup> Jón Eyjólfsson: „Ferðasaga úr Borgarfirði vestur að Ísafjarðardjúpi 1709...” Bls. 236.

<sup>34</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls.214.

<sup>35</sup> Johnsen, J.: Jarðartal á Íslandi. Bls. 209.

<sup>36</sup> Bps. AA / 1. XIV. Vísitazíubók Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis 1765-1772  
Bps. AA/ 2. Vísitazíubók Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis 1773-1801.

Um aldamótin 1800 var Guðlaugur Sveinsson prestur og prófastur í Vatnsfirði. Auk fjölskyldunnar sem taldi fjóra einstaklinga, voru níu vinnuhjú skráð til heimilis á staðnum og einn ómagi.<sup>37</sup> Sama var upp á teningnum þegar manntal var gert árið 1845. Þá þjónaði sr. Arnór Jónsson prestakallinu og hélt jafn mörg vinnuhjú og Guðlaugur.<sup>38</sup> Vatnsfjarðarheimilið hefur því væntanlega löngum verið fjölmennt.

Stefán P. Stephensen, prestur í Vatnsfirði á árunum 1884-1900, nytjaði jörðina vel og var framtakssamur á ýmsum sviðum. Í hans tíð var grafið fyrir nýjum bæ á staðnum. Við gröftinn var komið niður á grjóthleðslur sem lágu í áttina að kirkjugarðinum og kirkjunni en á þeim tíma stóð kirkjan í garðinum. Töldu menn hleðslurnar leifar af fornum göngum milli bæjar og kirkju.<sup>39</sup>

Páll Ólafsson tók við staðnum árið 1901 og bjó þar til ársins 1928. Lét hann reisa þar nýtt íbúðarhús árið 1907 og kirkju árið 1911. Í hans tíð voru einnig reist önnur bæjarhús auk þess sem hann stóð fyrir jarðarbótum, lét girða og slétta tún. Var búið hið stærsta í sveitinni og heimili mannmargt. Auk þess að vera kirkjustaður var þar einnig póststöð, áttu margir leið þar hjá og því var tíðum gestkvæmt.<sup>40</sup>

Prestakallið í Vatnsfirði hefur nú verið lagt niður og gegnir sóknarprestur Bolungarvíkurkaupstaðar embætti prófasts en síðasti Vatnsfjarðarklerkurinn, Baldur Vilhelmsson býr enn í Vatnsfirði.

---

<sup>37</sup> Manntal á Íslandi 1801. Bls. 334.

<sup>38</sup> Manntal á Íslandi 1845. Vesturamt. Bls. 321.

<sup>39</sup> Jóhann Hjaltason: „Ísafjarðardjúp að vestan.“ Bls. 94, 97.

<sup>40</sup> Páll Pálsson: „Búendur í innri hluta Reykjavíkjafjarðarhrepps um aldamótin 1900.“ Bls. 58-60.

## Heimildir

- Arnór Sigurjónsson: *Vestfirðingasaga 1390-1540*. Reykjavík, 1975.
- „Landnáma” *Íslensk fornrit*. 1. bindi, fyrri hluti. Reykjavík, 1968.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ísafjarðar – og Strandasýsla*. 7.bindi. Kaupmannahöfn, 1940.
- Einar Bjarnason: „Auðbrekkubríf og Vatnsfjarðarerfðir” *Saga, tímarit Sögufélagsins*. III.bindi. Reykjavík 1960-1963. Bls. 371-411.
- „Fóstbræðra saga” *Íslensk fornrit*. 6. bindi. Reykjavík, 1943.
- „Grettis saga Ásmundssonar” *Íslensk fornrit*. 7.bindi. Reykjavík, 1936.
- *Íslenskt fornbréfasafn XII*. Reykjavík, 1923-1932.
- *Íslenskt fornbréfasafn III*. Kaupmannahöfn, 1896.
- *Íslenskt fornbréfasafn XV*, Reykjavík, 1947-1950.
- Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.
- Jóhann Hjaltason: „Ísafjarðardjúp að vestan” *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík, 1949. Bls. 93-102.
- Jón Eyjólfsson: „Ferðasaga úr Borgarfirði vestur að Ísafjarðardjúpi sumarið 1709, ásamt lýsingu á Vatnsfjarðarstað og kirkju” *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr* II.3. Reykjavík, 1923. Bls. 225-239.
- Kristján Eldjárn: „Listaverk séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfjarðarkirkju” *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*. 21.árg. Ísafirði, 1978. Bls. 7-24.
- Manntal á Íslandi 1816. Akureyri/Reykjavík, 1947-1974
- Manntal á Íslandi 1845. Vesturamt. Reykjavík, 1983.
- Páll Pálsson: „Búendur í innri hluta Reykjafjarðarhrepps um aldamótin 1900” *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*. 6.árg. 1961. Bls. 57-70.
- „Skarðsárannáll 1400-1640” *Annálar 1400-1800*. 1.bindi. Reykjavík, 1922-1927.
- *Sturlunga saga*. Reykjavík, 1988.

### Þjóðskjalasafn

*Bps. AA/1. XIV. Visitazíubók Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi 1765-1772*

*Bps. AA/2. Visitazíubók Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi 1773-1801.*

**Ragnar Edvardsson:**

## **Fornleifaskráning í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp sumarið 2003**

### **Inngangur**

Í júní 2003 fór fram fornleifarannsókn í Vatnsfirði í Ísafjarðasýslu. Fornleifarannsóknin er liður í þverfaglegu rannsóknaverkefni sem Fornleifastofnun, Hugvísindastofnun og fleiri aðilar standa fyrir.

Fornleifarannsóknin í Vatnsfirði fór fram 23.júní – 4. júlí og var henni skipt í tvo megin hluta. Fyrri hluti rannsóknarinnar var fornleifaskráning og voru minjar í landi jarðarinnar skráðar. Síðari hluti rannsóknarinnar var fornleifauppgröftur og voru 4 könnunarskurðir grafnir á völdum stöðum.

Fornleifaskráningunni var skipt í tvo hluta, svæðisskráningu og aðalsskráningu. Við svæðisskráningu var leitað í heimildum um upplýsingar um fornminjar í landi Vatnsfjarðar og við aðalsskráningu voru minjar skráðar á vettvangi. Allar minjar voru skráðar, staðsettar með GPS hnitum, mældar upp og teiknaðar. Þær minjar sem ekki sáust í yfirborði en heimildir gátu gefið nægilega góða vísbendingu hvar hefðu staðið voru einnig staðsettar með GPS hnitum.

### **Yfirlit byggðarsögu Vatnsfjarðar**

Jörðin Vatnsfjörður er staðsett við samnefndan fjörð á nesi á milli Reykjafjarðar og Mjóafjarðar við Ísafjarðardjúp. Jörðin stendur botni fjarðarins, í mynni Vatnsfjarðardals.

Elstu heimildir um Vatnsfjörð eru frá 12. og 13. öld og kemur jörðin fyrir í flestum fornritum og er líklegt að byggð hafi hafist á jörðinni snemma á 10. öld eða jafnvel fyrr.

Í Landnámu er sagt að Snæbjörn sonur Eyvindar austamanns, bróðurs Helga magra hafi numið allt land á milli Mjóafjarðar og Langadalsár (ÍF I)<sup>41</sup>. Landnám Snæbjarnar hefur því verið nokkuð stórt eða frá Skálavík í Mjóafirði og að Nauteyri í Ísafirði. Á þessu svæði eru 22 býli sem hafa skipst úr landnámi Snæbjarnar á tímabilinu 900 – 1100 e.Kr.

Vatnsfjörður hefur snemma orðið eitt stærsta höfuðból á Vestfjörðum og eitt mikilvægasta valdasetur á svæðinu. Á tímabilinu 1000 – 1200 bjuggu þar með valdamestu höfðingjum á Íslandi (ÍF I, Kristnisaga).

Í upphafi 13. aldar voru það tvær ættir sem réðu mestu á Vestfjörðum, Vatnsfirðingar á norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum og Seldælir á Suðurfjörðum. Höfðuból Vatnsfirðinga var Vatnsfjörður en Selárdalur í Arnarfirði höfuðból Seldæla. Á sturlungaöld börðust þessar ættir um völdin á Vestfjörðum en hvorug ættin hafði þó fullnaðar sigur.

Við upphaf 14. aldar var valdaskiptingin á Vestfjörðum að mestu óbreytt en áhrif Seldælinga voru í við meira alla 14. öldina og fram á þá 15. Þegar komið er fram á miðja 15.

<sup>41</sup> Rækilegar heimildavísanir um sögu Vatnsfjarðar er að finna í fornleifaskránni hér að aftan.

öld fara völd og áhrif Vatnsfirðinga smá saman að aukast. Árið 1433 eignast Björn Þorleifsson Vatnsfjörð. og verður jörðin ásamt Skarði á Skarðsströnd þungamiðjan í veldi hans allt fram á dauða hans árið 1467 (D.I. IV.).

Eftir fráfall Björns Þorleifssonar ríka missir Vatnsfjörður smátt og smátt stöðu sína sem eitt mikilvægasta valdasetur á Vestfjörðum og færast völd og áhrif á Vestfjarðasvæðinu að Ögri við Ísafjarðardjúp. Á fyrri hluta 16. aldar kemst svo Vatnsfjörður undir Skálholtsbiskupsstól og eftir það tiheyrði hún kirkjunni (D.I.VIII.).

Í máldaga Ólafskirkju í Vatnsfirði frá 1397 segir að kirkjan eigi heimaland hálf, Borgarey hálf, Þúfnaland, hálf jörðina Eyri í Mjóafirði og allt Hestland í Hestfirði (D.I. IV). Líklegt er að kirkja hafi snemma verið byggð á jörðinni og jafnvel að þar hafi verið komið bænhus um 1000.

Þó að Vatnsfjörður hafi glatað stöðu sinn sem mikilvægt valdasetur í upphafi 15. aldar hélt hún áfram að vera ein ríkasta jörðin á Vestfjörðum. Um 1700 átti Vatnsfjörður eignir og ítök í ýmsum jörðum í Ísafjarðar- og Strandasýslum. Við Ísafjarðardjúp átti Vatnsfjörður jarðirnar Gjörvidal, Skálavík, Borgarey, Miðhús, Hálshús, Þúfur, Svansvík, Vogar og Eyri í Mjóafirði, Hest í Hestfirði. Á svæðinu frá Jökulfjörðum að Hornströndur voru það jarðirnar Hælavík og Slétta og í Strandasýslu Drangar í Drangavík. Ítök jarðarinnar voru á ýmsum jörðum á Vestfjörðum bæði í viðar- og sjávarreka svo og öðrum hlunnindum (Á.M.VIII).

Búskapur var stundaður í Vatnsfirði fram á síðari hluta 20. aldar. Í dag er enginn búskapur á jörðinni en túnin eru nýtt af bændum í nágrenninu.

## **Skrá yfir fornleifar**

Við skráningu fornminja í landi Vatnsfjarðar var notast við skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Skráningarkerfi þetta hefur verið í notkun frá 1995 og er í stöðugri þróun.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar eins og þar. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er með hvaða jörð ákveðnir minjastaðir eru taldir. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðanúmer (dæmi: Ís-205:001). Fornleifaskráin hefst á yfirliti yfir stærð jarðarinnar eins og hún er í jarðatali Johnsens og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706. Síðan er getið um elstu heimildir um jörðina og loks stærð túna eins og hún er á túnakortum frá 1917.

Í skránni eru minjunum gefin númer og er venjan að bæjarstæðinu sé gefið fyrsta númerið. Minjarnar eru flokkaðar eftir tegund og hlutverki. Þar sem er getið er um heimild er átt við að eingöngu hafi fundist heimild um staðinn en ekkert hafi fundist á vettvangi.

Við vettvangskönnun er gefin hnattstaða í gráðum og mínútum og er hún eingöngu tekin ef minjarnar eru greinilegar eða hægt er að staðsetja þær á grundvelli fyrirliggjandi ganga um 50 m frávíki. Lýsingu á hverjum minjastað fylgir leiðarvísir á staðinn. Þá eru taldar þær heimildir sem stuðst var við, oft skammstafaðar, en upplýsingar um hverja heimild er að finna í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Þeirri nýjung var beitt við vettvangskönnun að öllu svæðinu var skipt upp í 500 \* 500 m reiti og voru nokkrir reitir valdir til nákvæmari könnunar. Tilgangur þess var að athuga hversu margar minjar eru á jörðinni sem ekki er getið í heimildum



## ÍS-205 Vatnsfjörður

Jarðadýrleiki 24 hundruð. 1805 er jörðin talin 48 hundruð að dýrleika með Borgarey og eyðihjáleigan Vatnsfjarðarkot talin með jörðinni. "Snæbjörn, sonr Eyvindar Austmanns, bróðir Helga magra, nam land milli Mjóvafjarðar og Langadalsá ok bjó í Vatnsfirði." [ÍF, I. Landnáma, bls.112] "Önnur var Guðrún, er átti Kjartan Ásgeirsson ór Vatnsfirði. Þeira börn Þorvaldr ok Ingiríðr, er Guðlaugr prestr átti." [ÍF I. Landnáma, bls.140] "Þá er Gizurr byskup andaðist, váru þessir mestir höfðingjar á Íslandi: Hafliði Másson, norðr ok synir Ásbjarnar Arnórssonar í



Mynd. 1 Vatnsfjörður.

Skagafirði, Þorgeirr Hallson ok Ketill prestr Þorsteinsson, en austr Gizurr Einarsson, Sigmundur Þorgilsson, - hann andaðist á því ári í Rómför, - en suðr Hallr Teitsson, Skúli Egilsson, en vestr Styrmir Hreinsson, Halldórr Egilsson, Þorgils Oddason, Þórðr Egilsson, Þórðr Þorvaldsson í Vatnsfirði." [ÍF I. Kristnisaga, bls.279.] "Það sama vár fór Snorri goði suðr til Borgarfjarðar í málatilbúnað eftir víg Styrs við fjögur hundruð manna. Þar var í ferð með honum Vermundr inn mjóvi, bróðir Styrs. Hann bjó þá í Vatnsfirði." [ÍF III, Eyrbyggja, bls.152]. "Þar var Þorfinna, kona hans, með honum. Hon var tóttir Vermundar ór Vatnsfirði." [ÍF III. Bjarnar saga Hítadælakappa, bls.261] "Hon var kölluð Þorbjörg digra ok var gift vestr í Vatnsfjörð Ásgeiri Knattarsyni." [ÍF IV. Laxdæla saga, bls. 84.] "Á þeim tíma var höfðingi ágætr á Íslandi í Ísafirði, er Vermundr hét. Hann var Þorgrímson, bróðir Víga-Styr. Vermundr hafði bústað í Vatnsfirði. Hann var vitr ok vinsæll. Hann átti konu þá er Þorbjörg hét. Hon var kölluð Þorbjörg digra, dóttir Ólafs pá." [ÍF V. Fóstbræðra saga, bls.202] "Nú er frá því sagt, at á einu sumri kom til Nóregs útan af Íslandi Brandr, sonr Vermundar í Vatnsfirði, Hann var kallaðr Brandr inn örvi." [ÍF V. Brands þáttur örva, bls. 401] "Þá sá þeir ríða þrjá menn neðan eftir dalnum. Var einn í litklæðum. Þeir gátu, at þar myndi fara Þorbjörg húsfreyja ór Vatnsfirði, ok svá var. Ætlaði hon til sels." [ÍF VI. Grettis saga, bls.168] "Þess er getit eitthvert sinn, er hann fór sunnan ok kom við Nóreg, þá var með Óláfi konungi Brandr inn örvi, sonr Vermundar ór Vatnsfirði." [ÍF XII. Ísleifs þáttur byskups, bls.85] "Þorvaldur Snorrason bjó þá í Vatnsfirði. Hann var þá kallaðr sátrr við alla menn ok hafði þá heldr mannfátt." [Surl.saga.II., Íslendinga saga, bls. 110] "Sturla Sighvatsson sendi menn um haustit til Vatnsfjarðar ok lét bjóða Þorvaldssonum sætt fyrir Hrafnssonu ok brennu." [Surl.saga.II., Íslendinga saga, bls. 163] "[1273] Á tilsettum degi, þat ár er virðuligr herra Jón erkibyskup hafði til sín kallat þá menn, sem honum líkaði við þetta mál at hafa, var fyrstr af þeim herra Árni byskup af Skálaholti, er hann skipaði at vera sóknarmann á Sighvat Hálfánarson ok á annan mann, Einar Vatnsfirðing. Sighvatr helt Oddakirkju ok átti at svara fyrir bræðr sína, Loft ok Sturlu. Einarr helt Vatnsfjarðarkirkju ok átti fyrir hana svörum at halda. ...Ok af því at þetta mál er til várs dóms komit, þá gerum vér þenna órskurð í nafni föður ok sonar ok heilags anda, at vald ok skipan, forræði ok varðveisla Oddastaðar ok Óláfskirkju í Vatnsfirði með öllu því, sem þar liggir til, hvárt sem þat er tekit eða ótekit, neytt eða óneytt, nema þat eitt, sem til kikju þarfenda hefir haft verit, dæmum vér undir Árna byskup í Skálaholti ok hans lögliga

eftirkomendr honum ok þeim eilíflega fyrir at ráða ok fyrirbjóðum Sighvati ok bræðrum hans ok svá þeira örfum, Einari ok hans örfum nökkurt tilkall um þetta." [Byskupa sögur I., Árna saga byskups, bls.308-310] [1273] "Úrskurður Jóns erkibiskups í Niðarósi, þar sem hann dæmir Odda og Vatnsfjörð undir forræði Skálholtsbiskups." [D.I.,II., bls.94-100] [1327] "Rekaskrá Vatnsfjarðarkirkju." [D.I., II., bls.618-20] [1312] "Fjarðatal á Íslandi." [D.I.III., bls.16] [1354] "Biskupstíundareikningr í Stranda- og Norður-Ísafjarðarsýslu...J vatzfirde fíorar merkur." [D.I.III., bls. 96] [1360] "Snorri prestur Kyngir Þorleifsson commissarius generalis et specialis in spiritualibus Skálholtskirkju úrskurðar Vatnsfjarðarkirkju samkvæmt máldaga hennar árlegt ærgjald úr Æðey." [D.I. III., bls.146] [1366] "Úrskurður Snorra kyngis Þorleifssonar officialis Skálholtskirkju um að allir búfastir menn, þeir er af landi hafa milli Ísafjarðarár og Kleifa í Seyðisfirði, sé samkvæmt máldaga kirkjunnar í Vatnsfirði skyldir að all henni lamb eða gefa ella." [D.I. III., bls. 211] [1367] Hítardalsbók. "cxli. Kirkia j vatzfirde a heimaland halftt. Borgarey halfa." [D.I.III., bls. 229] [1377] "Úrskurður Jóns ábóta í Viðey officialis í Vestfjörðum um hvalreka Vatnsfjarðarkirkju á almenningum." [D.I. III., bls. 329] [1383] "Testamentisbréf Einars Eiríkssonar í Vatnsfirði í transskripti tveggja presta og tveggja leikmanna." [D.I. III., bls. 365] [1387] "Jón Nikulásson selr Birni Einarssyni hálfan Vatnsfjörð fyrir fimmtán tigi hundraða." [D.I. III., bls. 399] [1392] "Nikulás Jónsson selur Birni Einarssyni tvo hluti af fiskatollinum í Bolungarvík, er hann hafði eignast eptir Einar Eiríksson andaðan." [D.I. III., bls.476] [1405] "Sálugjafarbréf Bjarnar Einarssonar Jórsalafara." [D.I.III., bls.702] [1397] Vilchinsbók. "Kirkia j Wattzfirdi a heimaland halftt. Borgarey halfa. Þwfnaland. Eyri j Miofafirdi halfa. Hestland allt. Heidarland bædi." [D.I. IV., bls.133-135] [1433] "Hústrú Sólveig Þorsteinsdóttir gefr Birni Þorleifssyni dóttursyni sínum hálfan Vatnsfjörð í Ísafirði með gögnum og gæðum, og skipar á jörðina ómagaskyldu um fimtán ár, og samþykki Kristín móðir hans þenna gjörning, en Björn má ekki lóga jörðinni." [D.I. IV., bls. 529] [1452] Gottskálk biskup á Hólum og administrator heilagarar Skálholtskirkju veitir hverjum þeim fjörutíu daga aflát, er með góðfýsi sækja til kirkju heilags Ólafs kongs í Vatnsfirði á tilgreindum helgidögum eða leggi kirkjunni lið, og svo fyrir ýmsa aðra guðrækni." [D.I. V., bls. 94] [1460] "Ólafur Ísleiksson prófastr milli Geirólfs(gnúps) og Langaness úrskurðar jörðina í Vogum Vatnsfjarðarkirkju til æfinlegrar eignar samkvæmt testamentisbréfi Einars Eiríkssonar, er Björn bóndi Þorleifsson bar fram." [D.I. V., bls.207] [1469] Vitnisburður Jóns Alexíussonar um Bolungarvíkurtola Vatnsfjarðarkirkju. "Þat giore ek jon alexiusson godum monnum kunnigt med þessu minv opnu brefe ad ek medkennunzt ad ek hefe afuent birne bonda þorleifssyne ad skipan hustru kristinar biornsdottr suo latanda bref annara orda j mille ad aller þeir menn sem j bolungarvik vilia roa skulu ad frialsu koma þar ad gregoriusmesso ok fara j burt ad michaelsmesso enn heimil vertid þar a mille ok syllde huer hlutarmadur giallda kirkiunne j vassfirde halfa vætt fiska ok huer halfhlytingr tuo fiordunga." [D.I. V., bls. 535] [1474] "Jón Alexíusson vottar, að Björn Þorleifsson hafi handlagt Kristínu Björnsdóttur móður sinni, að Sólveig dóttir Björns skyldi eiga Vatnsfjörð, sem Sólveig Þorsteinsdóttir móður- móðir hans gaf honum." [D.I. V., bls.745] [1475] "Oddr Bjarnason votta, að Björn Þorleifsson hafi lýst því, að hann ætlaði Solveigu dóttur sinni Vatnsfjörð eptir sinn dag og skyldi hann fylgja nafni." [D.I. V., bls. 775] [1475] "Vitnisburður Guðrúnar Egilsdóttur, að Björn Þorleifsson hefði lýst því við barnsölið í Breiðastofunni í Vatnsfirði, er Solveig dóttir hans var nýfædd og þangað borin, að hún skyldi eiga Vatnsfjörð eptir sinn dag, og vildi hann unna því nafninu hans af óskiptu, eins og Solveig Þorsteinsdóttir móðir hans hefði sér unt." [D.I.V., bls. 777] [1503] "Skrá um eignir Vatnsfjarðarkirkju, þegar Björn Guðnason tók við (1499) og afhenti, og um þá muni, er hann hafði burt úr Vatnsfirði, enn fremr um eignir Kirkjubólskirkju í Langadal." [D.I. VII., bls. 636-637] [1507] "Björn Þorleifsson fær af sínum parti Stepháni biskupi í Skálholti í vald alla bóndaeignina í heimalandinu í Vatnsfirði og hálfu Borgarey, guði, jungfrú Marie, Ólufe kongi og öllum helgu til æfinlegrar eignar, ásamt öllum peningum í Vatnsfirði, kvikum og dauðum og ánefndum

jörðum,..." [D.I.VIII., bls.140-141] [1507] "Gauti erkibiskup í Niðarósi staðfestir dóm og úrskurð Stepháns biskups í Skálholti, að Vatnsfjörður í Ísafirði skuli vera staðr (beneficium) æfinlega." [D.I.VIII., bls.161-162] [1514] "Tylftardómur, útnefndur af Jóni lögmanni Sigmundssyni eptir konungsboði, um aðtöku Vatnsfjarðar og annara óðala fyrir Birni Guðnasyni, og hverju þeir sé sekir, sem ekki vilja konungsbréf halda." [D.I.VIII., bls.496-97] [1514] "Kristján konungr hinn II. Staðfestir dóm Jóns Sigmundssonar um Vatnsfjörð frá 31. Júlí 1514." [D.I.VIII., bls. 520-521] [1518] "Kristján konungr hinn II. Staðfestir dóma Jóns lögmanns Sigmundssonar, þar sem Birni Guðnasyni og samörfum hans eru dæmd til æfinlegrar eignar öll fé föst og laus, sem fallið hafa eptir Þorleif Björnsson, Einar Björnsson og Solveigu Björnsdóttur." [D.I.VIII., bls. 650] Öll tún hafa verið sléttuð og voru sléttuð af núverandi ábúenda (2001).

**ÍS-205:001** *Vatnsfjörður* bæjarhóll býli 65°56'24.54 22°29'51.37  
Nýtt íbúðarhús hefur verið reist í Vatnsfirði og stendur það í u.þ.b. 84 metra frá gamla bæjarstaðinu sem er svo til beint í vestur frá íbúðarhúsinu. Grösugur hóll rétt norðan við kirkjugarðinn. Ekki sést til fornleifa.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-20

**ÍS-205:002** heimild leið 65°55'32.83 22°30'36.22  
"Gönguvegur er yfir nesið beinustu leið frá Vatnsfirði yfir til Skálavíkur. Er þar slóði og nokkur gömul vörðubrot, en þó illfært með hesta, enda eingöngu notaður af gangandi fóli. Reiðvegurinn er allmiklu framar." Farið er svo til beint í suður frá kirkjugarðinum. Sunnan garðsins var gamli vegslóðinn að bænum. Síðan er farið beint í norður og svo vestur yfir hæðina til Skálavíkur. Mýri fyrir neðan hæðina Vatnsfjarðarmegin en eftir því sem ofar dregur breytist landslagið í klappir og kletta.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:003** heimild leið  
"Gönguvegur er yfir nesið beinustu leið frá Vatnsfirði yfir til Skálavíkur. Er þar slóði og nokkur gömul vörðubrot, en þó illfært með hesta, enda eingöngu notaður af gangandi fóli. Reiðvegurinn er allmiklu framar."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:004** *Stekkjarnes* heimild stekkur  
"Þá förum við aftur niður að sjó, að víkurbotninum við hópið. Nes eitt lítið er heiman við það, sem kallast Stekkjarnes, þar eru fornar hjall- og stekkjartófri." Ekki sást til fornleifa.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:005** *Hjalltangi* heimild hjallur 65°56'26.8 22°29'18.5V  
"Að heimanverðu við Stekkjarnes er Bólvík kölluð, en Hjalltangi heiman við hana. Á Hjalltanganum er stór hjallur, sem sr. Stefán Stephensen lét byggja á sínum tíma. Fremst í tanganum austanverðum er núverandi bátalending." Þegar komið er að Vatnsfirði frá Reykjarfirði er afleggjarinn að bænum vestanmegin en austanmegin er afleggjari sem liggur niður að sjó. Yst á tanganum sem skagar þar út í sjó stendur timburhjallur. Hjallurinn er byggður á tanga sem Hjallurinn er byggður úr timbri og með torfpaki. Hjallurinn er í eigu Þjóðminjasafns.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:006** heimild lending 65°56'27.78 22°29'16.226

"Að heimanverðu við Stekkjarnes er Bólvík kölluð, en Hjalltangi heiman við hana. Á Hjalltanganum er stór hjallur, sem sr. Stefán Stephensen lét byggja á sínum tíma. Fremst í tanganum austanverðum er núverandi bátalending." Ysta á tanganum er steinsteypt bryggja og er bátalendingin við hana. Ekki sést hvort að landing hafi verið rudd eða ekki því að bryggja hefur verið byggð á sama stað.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:007** heimild óþekkt 65°56'31.822°29'35.9V

"Upp af bæjarvíkinni er allhár, gamall og gróinn malarkambur. Þar sést allvíða fyrir lágum rústum garða og tóttá, sem enginn kann lengur af að segja hverskonar mannvirki verið hafi." Bæjarvíkin er svo til í norðaustur frá bæjarstæðinu og liggur þjóðvegurinn eftir henni. Ekki sést til neinna rústa í víkinni sjálfri en nyrst er rúst af verbúð. Bæjarvíkin er á milli tangans þar sem hjallurinn stendur og annars tanga norðanmegin hans. Rústin er í fjöruborðinu, u.þ.b. 5 metra frá yfirborði sjávar.

**Hættumat:** hætta vegna rofs

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:008** *Barðeyri* heimild uppsátur

"Fyrir utan Bæjarvíkina er Barðaeyri, sem dregur nafn af sexæringnum Barða, er þar var settur upp á vetrum."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:009** *Björnsnaust* heimild naust

"Efst og innst á eyrinni heita Björnsnaust. Þar eru tvær tóttir mjög lágkúrulegar og samanfallnar, en þó líkar því sem þar hafi skipahróf verið, enda segja munnmæli að þetta séu naust Björns Einarssonar, Jórsalafara."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:010** *Geithús* heimild fjárhús

"Upp af mýrinni Fríðu heitir Ból, en nokkru ofar er kölluð Geithúsmýri, örskammt framan við túngarðinn, undan fjárhúsi, því innangarðs sem nefnt er Geithús."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:011** *Nónvarða* varða óþekkt

"Upp af mýrinni gengur Nónlág, sem fyrr er nefnd og grjótvarða er þar á holti einu kölluð Nónvarða."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:012** *Grettisvarða* þjóðsaga óþekkt 65°56'28.9 22°30'16.8V

"Upp af túninu og næst því er Torfhjalli, þá Mjóihjalli og upp af honum Grettishjalli og Grettisvarða. Munnmæli segja að Grettir Ásmundarson hafi hlaðið vörðuna, þegar hann var um stund með Þorbjörgu digru, eftir að hún barg honum úr snöru bændanna við Selvatnið, eins og segir í sögu hans. Varðan stendur á sléttri hallandi klömp, fremst á hjallabrúninni. Er hún allmikil ummáls og hátt í 4 alnir á hæð, en hol að innan fyrir ofan miðju. Víða í hleðslunni eru mjög stórir steinar, en þó hvergi svo að með ólíkindum sé." Varðan stendur á hjalla í VNV átt frá bæjarstæðinu og sést hún vel frá bænum. Fyrir ofan bæjarstæðið eru kletthjallar sem liggja í norður/suður átt eftir Vatnsfjarðarnesinu. Varðan er hlaðin úr grjóti og eru mjög stórir steinar í henni.



Mynd 2. Grettisvarða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

**ÍS-205:013** *Bræðravörður* varða óþekkt

"Fremst á Grettishjalla, rétt við gönguveginn, eru vörður tvær nefndar Bræðravörður, en önnur þeirra er nýlega hrunin. Vörður þessar, hlaðnar í tíð sr. Þórarins Kristjánssonar, af Jóni nokkrum Þórðarsyni, kallaður var dýralæknir. Hlóð hann þær upp úr tveimur gömlum dysum, er voru fyrir."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:014** áletrun óþekkt

"Skammt frá vörðunum er hella með einhverju letri á, sem menn hafa ekki getað ráðið til þessa, og þyrftu það að athugast nánar af kunnáttumönnum."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:015** garðlag óþekkt

"Á hjallendanum, frammi við Seilina, eru grjóthleðslur nokkrar og garðabrot, allt frekar ógreinilegt og því ekki getað segja hvað verið hafi."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:016** heimild stekkur

"Undir miðjum Sjóarhjalla á sjávargrundinni, nokkurn spöl fyrir utan túnið er gamall Stekkur hlaðinn úr grjóti."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:017** *Sauðhúshvammur* heimild fjárhús

"Fyrir utan Eyrina, við sjóinn er Sauðhúshvammur, en síðan Höfði og Skollaurð. Út af hvamminum, skammt frá landi er Sauðhúshólmi."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:018** *Geithúsvöllur* heimild fjárhús

"Upp og inn af flötinni, fyrir innan kirkjugarði heitir kirkjutunga og upp af henni Geithúsvölur. Ofan Geithúsvöllinn, í djúpri lægð milli hans og Hólanna, rennur bæjarlækurinn sem kemur úr Nónlág."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:019** *Fjósatunga* heimild fjós

"Ofan við lækinn heitir einu nafni Hólar, en utan við hann er Fjósatunga og fyrir utan eru Andrésarflatar."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:020** *Kothústún* heimild bústaður

"Út af Andrésarflötum er Kothústún, en niðurfrá þeim er svo nefnd Nýjasléttá."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:021** *Borgarey* bæjarhóll býli

"Borgarey var byggð fyrrum og þá hjáleiga frá Vatnsfirði, og sér þar enn glöggt fyrir tóttum og görðum. Túnið hefur verið girt með torfgarði á þrá vegu, en sjórinn verið látinn gæta þess á einn." [Örnefnaskrá

Vatnsfjarðar] "Þessi jörð hefur jafnan verið brúkuð frá staðnum hálf eður öll, eftir því sem staðarhaldaranum hefur þótt sjer haganlegast, en nú er bygður fjórðungur jarðarinnar. Þetta er þó lögbylis jörð." [Á.M. VII.,bls.215] Borgarey er lítil eyja norðan við Vatnsfjörð. Ekki

var farið út í Borgarey sumarið 2003 og á alveg eftir að skrá eyna.



Mynd 3. Borgarey í Vatnsfirði.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar. Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII.bindi.

**ÍS-205:022** *Naustahvammur* heimild lending

"Öll er hún grasi vaxin og góð til slægna, víðast hvar. Nær miðri vesturhlið eyjarinnar er lítill hvammur með gömlum naustum, hann heitir Naustahvammur. Þar er venjulegur lendingarstaður í vor og sumarferðum til eggja- og dúntekju og heyskapar." Borgarey er lítil eyja norðan við Vatnsfjörð. Ekki var farið út í Borgarey sumarið 2003 og á alveg eftir að skrá eyna.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar. Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII.bindi.

**ÍS-205:023** garðlag túngarður

"Húsarústir Jóns Auðunssonar eru þar vel greinilegar, og ýmasar aðrar nær því sokknar í jörð. Hinn forni túngarður er víða mjög óglöggur, en þó má rekja hann með eftirgrennslan svo að segja alls staðar og kemur þá í ljós, að það sem nú er kallað tún er vart meir en 1/10 af hinu

forna túni, enda gefur það ekki af sér meir en 20-30 hesta árlega." Borgarey er lítil eyja norðan við Vatnsfjörð. Ekki var farið út í Borgarey sumarið 2003 og á alveg eftir að skrá eyna.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar. Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII.bindi.

**ÍS-205:024** Mylluhóll heimild mylla  
Fyrir utan Kirkjugarð er Sveinaflöt. Á henni miðri er Mylluhóll."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**ÍS-205:025** heimild kirkja 65°56"23.3 22°29"48.2V  
Suðvestur af núverandi íbúðarhúsi í u.þ.b. 30 metra fjarlægð er hringlaga kirkjugarður hlaðinn úr grjóti. Suðvestan hans er timburkirkja sem byggð var árið 1913. Samkvæmt heimildamanni var eldri kirkja í miðjum kirkjugarðinum og þegar grafir hafa verið teknar í miðjum garðinum hafa komið upp

**Hættumat:** hætta vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:026** heimild legstaður  
Suðvestur af núverandi íbúðarhúsi í u.þ.b. 30 metra fjarlægð er hringlaga kirkjugarður hlaðinn úr grjóti. Gert var við grjóthleðsluna fyrir u.þ.b.áratug. Garðurinn er alveg hringlaga og er þvermál hans 52 metrar.

**Hættumat:** engin hætta.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:027** heimild útihús 65°56"25.0 22°29"50.3V  
Á túnakorti er teiknað hús austan megin í bæjarhólnum við kálgarð sem var á milli bæjarhúss og þessa húss. Í 70 metra fjarlægð í vnv frá núverandi íbúðarhúsi. Í túnjaðri. Öll hús sem áður stóðu á bæjarhól og í túni hafa verið rifin og sléttað yfir.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:028** heimild útihús 65°56"25.8 22°29"51.6V  
Norðan við bæjarhólinn gamla stóðu áður 3 útihús, í 100 metra í nv frá núverandi íbúðarhúsi. Ekki sést móta fyrir þessum húsum fyrir utan það nyrsta sem er rúst af fjárhúsi. Nr. 28 er það syðsta. Þýft svæði.

**Hættumat:** engin hætta.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:029** heimild fjárhús 65°56"26.3 22°29"51.9V  
Norðan við bæjarhólinn gamla stóðu áður 3 útihús, í 100 metra í nv frá núverandi íbúðarhúsi. Ekki sést móta fyrir þessum húsum fyrir utan það nyrsta sem er rúst af fjárhúsi. Nr. 29 er nyrst. Hleðslur standa enn sums staðar og hefur húsið einnig einhvertíman verið að hluta til steipt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:030** heimild útihús 65°56"23.3 22°29"52.6V  
Á túnakorti er teiknað lítið útihús sunnan við bæjarhólinn. Grösugur hóll í u.þ.b. 25 metra beint vestur af kirkjugarðinum, 40 metra nv af kirkjunni. Lítið grösugur hóll.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:031** heimild útihús 65°56"23.3 22°29"52.6V

Á túnakorti er teiknað útihús syðst alveg við túngarðinn. Húsið stóð á grösugum hól í u.þ.b. 60 metra frá timburkirkjunni. Hár grösugur hól.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:032** garðlag túngarður 65°56"27.3 22°29"58.6V

Á túnakorti er teiknaður túngarður sem umlykur svo til allt bæjarstæðið fyrir utan túnið sjávarmegin. Túngarðurinn er að mestu leit horfinn fyrir utan nokkra staði vestan og norðan megin og svo við sjóinn. Túngarðurinn er grjóthlaðinn.

**Hættumat:** hætta vegna rasks.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:033** tóft óþekkt 65°56"27.3 22°29"58.6V

Lítil gróin, ógreinileg rúst í u.þ.b. 130 metra frá bæjarhólum. Stendur alveg við túngarðinn. Þýft og blautt svæði. Rústin er vel gróin og erfitt að greina útlínur. Þessi rúst er ekki á túnakorti.

**Hættumat:** engin hætta

**ÍS-205:034** heimild útihús 65°56"25.4 22°29"57.4V

Á túnakorti eru 3 útihús teiknuð vestast í túninu, nr 34 er sú í miðjunni. Á svæðinu vestan við bæjarhólinn eru nokkuð stórir hólar. Á þeim stóðu áður útihús sem nú hafa verið rifin. Nr. 34 stóð í u.þ.b. 80 metra nv af bæjarhólum. Hár grösugur hól rétt austan túngarðsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:035** heimild útihús 65°56"23.6 22°29"57.9V

Á túnakorti frá 1918-1920 er teiknað útihús svo til beint í vestur frá kirkjugarðinum, rétt austan við túngarðinn. Í u.þ.b. 80 metra í vestur frá kirkjugarðinum. Grösugur hól.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-1920.

**ÍS-205:036** mannvirki óþekkt 65°56"24.7 22°29"53.8V

Vestan bæjarstæðisins er lítil rúst, í u.þ.b. 30 metra beint vestur af bæjarhólum.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:037** heimild útihús 65°56"25.9 22°29"55.6V

Á túnakorti er teiknað útihús svo til beint í vestur frá bæjarhólum. Í u.þ.b. 50 metra í vestur frá bæjarhólum.

**Hættumat:** engin hætta.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-20

**ÍS-205:038** heimild útihús 65°56"27.0 22°29"56.0V

Á túnakorti er teiknað útihús í u.þ.b. 80 metra fjarlægð frá bæjarhól. Sléttað tún.

**Hættumat:** Engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-20



**ÍS-205:039** heimild útihús 65°56"34.8 22°29"52.8V

Á túnakorti eru teiknuð tvö útihús nyrst í túninu alveg við túngarð. Þessi er sú vestri. Allt túnið hefur verið sléttað og sléttað hefur verið yfir báðar rústirnar.

**Hættumat:** engin hætta.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-20

**ÍS-205:040** heimild útihús 65°56"34.9 22°29"43.4V

Á túnakorti eru teiknuð tvö útihús nyrst í túninu alveg við túngarð. Þessi er sú eystri. Allt túnið hefur verið sléttað og sléttað hefur verið yfir báðar rústirnar.

**Hættumat:** engin hætta.

**Heimildir:** Túnakort frá 1918-20.

**ÍS-205:041** bæjarstæði bústaður 65°56"27.9 22°29"50.3V

Í 100 metra frá bæjarhól í sléttuðu túni. Sporöskjulaga rúst. Allt túnið hefur verið sléttað og stendur rústin svo til við suður jaðar túnsins. Rústin er spoöskjulaga og er nokkuð greinileg. Sennilega er hér um að ræða skála frá 10.öld. Sumarið 2003 var grafinn profuskurður í gegnum rústina.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:042** tóft óþekkt 65°56"33.5 22°29"38.5V

Norður af bæjarstæðinu stendur lítill tangi út í sjó og er tanginn austan þjóðvegarins. Á þessum tanga sést móta fyrir túngarðinum og nokkrum rústum. Svo til á miðjum tanganum er rúst. Grösugur en þýfður tangi. Rústin er svo til ferhyrnd og er inngangur austan megin. Veggir vestan megin eru nokkurn vegin horfnir.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:043** tóft verbúð 65°56"31.8 22°29"35.9V

Norður af bæjarstæðinu stendur lítill tangi út í sjó og er tanginn austan þjóðvegarins. Á þessum tanga sést móta fyrir túngarðinum og nokkrum rústum. Rústin er sunnan megin í tanganum alveg við sjóinn. Grösugur en þýfður tangi. Aðal rústin er ferhyrnd og norðan megin hennar er garðlag sem er byggt utan í rústina. Sömuleiðis er hlaðinn garður sunnan megin við hana.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:044** garðlag óþekkt 65°56"24.7 22°29"15.2V

Farið er að Hjallanum sem er í eigu Þjóðminjasafns. Sunnan megin í tanganum sem hjallurinn stendur á er grjóthlaðinn garður og er hann byggður utan í kletta. Brekka fyrir ofan fjöruborð. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og stendur að mestu leiti.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:045** tóft óþekkt 65°56"44.5 22°29"50.0V

Farið er í norður frá bæjarstæði Vatnsfjarðar og í u.þ.b. 700 metra fjarlægð frá afleggjaranum að Vatnsfirði er rúst. Rústin er í u.þ.b. 8 metra fjarlægð vestan þjóðvegarins. Klettur vestanmegin og fjaran austanmegin. Rústin er ógreinileg og ekki hægt að greina herbergjaskipan.

**Hættumat:** hætta vegna rasks.

**ÍS-205:046** tóft verbúð 65°56"48.3 22°29"51.9V

Í u.þ.b. 115 metra fjarlægð frá rúst nr. 45 er önnur rúst 6 metra vestan þjóðvegarins. Klettabelti vestan og fjaran austanmegin. Rústin er tvíhólfa hlaðin úr grjóti.

**Hættumat:** hætta vegna rasks.

**ÍS-205:047** tóft verbúð 65°56"50.5 22°29"52.5V  
Í u.þ.b. 67 metra fjarlægð frá nr. 46 í norðurátt. Rústin stendur vestan Þjóðvegarins í um 8 metra fjarlægð. Klettabelti vestan og fjaran austanmegin. Rústin er ferhyrnd.

**Hættumat:** hætta vegna rasks.

**ÍS-205:048** náma rista 65°57"24.4 22°29"40.0V  
Farið er í norðurátt frá Vatnsfirði eftir Þjóðveginum. Í u.þ.b. 1 km fjarlægð frá rúst nr. 47. Austan við Þjóðveginn er lítill tangi. Á honum er greinileg merki um torfristu. Lítil tangi og er mýri á honum.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:049** tóft fjárhús 65°57"40.1 22°29"54.6V  
Farið er eftir Þjóðveginum frá Vatnsfirði. Í u.þ.b. 500 metra fjarlægð frá nr.48 er rúst af fjárhúsi, vestan Þjóðvegarins. Rústin er 6 hólfa og sést greinileg grjóthlaðin jata einu hólfinu.

**Hættumat:** hætta vegna rasks.

**ÍS-205:050** tóft óþekkt 65°57"51.9 22°29"57.9V

Farið er í norður eftir Þjóðveginum frá Vatnsfirði. Í u.þ.b. 370 metra fjarlægð frá nr. 40 er hringlaga tóft, austan megin við Þjóðveginn. Tóftin er alveg hringlaga og er hún um 10 metrar að þvermáli. Hlaðin úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** engin hætta.

**ÍS-205:051** náma  
Þegar komið er frá Reykjarfirði og í Vatnsfjörð beygir Þjóðvegurinn inn í Vatnsfjörð. Þar við veginn er allstórst svæði þar sem sést greinilegur torfskurður. Mýrlendi. Grafirnar ná yfir allnokkuð svæði og eru margar.



Mynd 4. Hringlaga tóft í Vatnsfirði.

**ÍS-205:052** tóft naust 65°56"21.1 22°29"10.9V  
Áður en komið er að afleggjaranum sem liggur upp að Vatnsfirði er lítill tangi og á honum stendur hjallur í eigu Þjóðminjasafnsins. Sunnan megin við tangann er lítill vík og nyrst í henni stendur gróið naust. Grasi gróin brekka við fjöruborð. Sporöskjulaga rúst opin í annan endann.

**Hættumat:** engin hætta.

## Niðurstöður fornleifaskráningar

Við fornleifaskráningu í Vatnsfirði fundust heimildir fyrir 52 minjastöðum. Af þessum 52 stöðum var hægt að staðsetja 33 staði eða um 70% allra minjastaða í Vatnsfjarðarlandinu.

Bústaður	2
Býli	2
Fjánhús	5
Fjós	1
Hjallur	1
Kirkja	1
Legstaður	1
Leið	2
Lending	2
Mylla	1
Naust	2
Óþekkt	12
Rista	2
Stekkur	2
Túngarður	2
Uppsátur	1
Útihús	10
Verbúð	3

**Tafla 1. Hlutverk minjastaða í Vatnsfirði.**

Við skráningu fornleifa er notast við tvennskónar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er reynt að greina frekar eftir gerð. Tafla 1. sýnir lista yfir tegundir minjastaða í Vatnsfirði.

Áletrun	1
Bæjarhóll	2
Bæjarstaði	1
Garðlag	4
Heimild	28
Kirkjugarður	1
Mannvirki	1
Náma	2
Tóft	9
Varða	2
Þjóðsaga	1

**Tafla 2. Tegundir minjastaða í Vatnsfirði.**

Tafla 2. sýnir lista yfir hlutverk minjastaða í Vatnsfirði. Við val á hlutverkum er haft í huga að greiningin geti komið að góðum notum við rannsókn eða kynningu á minjastað. Reynt er

að hafa eins fá hlutverk og unnt er þar sem að langur listi yfir hlutverk mun flækja og torvelda greiningu á minjastöðum.

### **Bæjarhólar og bæjarstæði**

Bæir hafa staðið á sama stað öldum saman og jafnvel allt frá landnámsöld hafa myndast bæjarhólar sem eru gerðir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðanna og eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víðast hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti.

Í Vatnsfirði voru skráðir 2 bæjarhólar, einn í Vatnsfirði og annar í Borgarey. Bæjarhóllinn í Vatnsfirði virðist ekki vera mikið skemmdur einungis er það nyrst í honum þar sem að einhverjar skemmdir hafa orðið. Að öðru leiti er hann að mestu óraskaður og frekari rannsóknir á hólnum munu leiða í ljós miklar upplýsingar um búsetu og búsetuþróun í Vatnsfirði. Bæjarhóllinn í Borgarey var ekki skoðaður sumarið 2003.

### **Útihús**

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihúsin dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af hesthúsum en lítið af fjósum og hafa flest fjós verið hluti af bæjarhúsum. Algengustu skepnuhúsin voru fjárhús og voru 5 skráð í allt í Vatnsfirði. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Í Vatnsfirði voru allmargir slíkir hólar vestan við bæjarhólinn Fyrir einni öld voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur fækkað meira en nokkurri annari tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu verið byggð ofan á eldri útihúsarrústum.

### **Tún og garðar**

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðshleðslum. Á skráningarsvæðinu voru 2 túngarðar skráðir. Oftast er ekki hægt að greina hvort þessir garðar eru fornir en reikna má með að þeir séu frá síðari hluta 19. aldar eða upphafi þeirrar 20. Túngarðar í Vatnsfirði voru að mestu leyti hlaðnir úr torfi og grjóti enda er auðvelt að verða sér út um gott hleðslugrjót.

### **Kvívar og stekkir**

Á skráningarsvæðinu voru 2 stekkir skráðir. Stekkir virðast yfirleitt vera hlaðnir úr grjóti með litlu hólfi á einni hlið eða við enda. Í Vatnsfirði voru engar kvívar skráðar og venjulega voru þær nær bæjarhúsunum og oft í túnjaðri. Á Íslandi voru kvívar ekki alltaf hlaðnar heldur aðeins verið ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færivívar notaðar, einkum þegar komið var fram á þessa öld.

### **Verminjar**

Á þeim jörðum sem lágu að sjó voru lendingar og varir rétt við bæjarstæðin og var það kallað að róa úr heimavör eða heimræði. Önnur tegund útræðis var kallað útver en það var yfirleitt á stað þar sem að stutt var á miðin. Í útræði söfnuðust bændur eða vinnumenn þeirra á

vertíð. Í hreppnum voru skráðar 2 lendingar og 2 verbúðir og líklegt er að verbúðirnar séu frá síðari tímum.

### **Aðrar minjar**

Fornleifarannsóknin 2003 leiddi í ljós ýmsar minjar frá mismundandi tímum. Elstu minjarnar voru í túni skammt frá bæjarhólnum. Á þessu svæði eru að öllum líkindum leifar skála frá 10. öld en frekari rannsóknir á því svæði munu eflaust varpa frekari ljósi á það mannvirki, bæði eðli þess og hlutverk og um leið afla upplýsinga um búsetu og búsetuþróun í Vatnsfirði.

Rétt austan við skálann er annað mannvirki en því miður reyndist uppgröfturinn sumarið 2003 ekki nægilegur til að segja til um eðli mannvirkisins. Samt eru viss líkindi til þess að hann tilheyri sama tímabili og skálinn. Í þeim tilgangi að skilja frekar eðli og hlutverk byggingarinnar er nausynlegt að stunda frekari rannsóknir á svæðinu.

### **Heimildir**

#### **Prentaðar heimildir.**

Árni Magnússon og Páll Vídalín, Jarðabók, VII.bindi, Kaupmannahöfn 1940.

Diplomatarium Islandicum, I-XVI, Reykjavík 1857-1972.

Íslendinga sögur, I-XI, Reykjavík 1953

J.Johnsen, Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847.

#### **Óprentaðar heimildir.**

Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort frá 1918.

Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

**Ragnar Edvardsson:**

## **Fornleifarannsókn í Vatnsfirði 2003**

Markmið fornleifauppgraftrarins var að kannað eðli og ástand nokkurra minjastaða í Vatnsfirði með frekari rannsóknir á staðnum að leiðarljósi. Grafnir voru 4 könnunarskurðir, 2 \* 5 metra langir. Skurður 1 var í sporöskjulaga rúst í u.þ.b. 100 metra í norður frá bæjarhól. Skurður 2 var í bæjarhól, skurður 3 var nokkrum metrum austan við skurð 1 og skurður 4 nokkrum metrum vestan við skurð 1.

Við rannsóknina var beitt “*single context*” uppgraftrartækni, þ.e. hvert fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Í skurði 2 á bæjarhól var grafið niður á efstu mannvistarlögin. Í skurðum 1 og 3 voru öll mannvistarlög grafin í burtu og í skurði 4 var eingöngu fjarlægt yfirborðslag. Þau mannvistarlög sem talið var að gætu gefið frekari upplýsingar voru tekin í sýni.

Hnitakerfi var sett út og náði það yfir allt rannsóknarsvæðið. Lægsti punktur þess var x100/y200 og hæsti punktur x300/y300. Allir fjórir skurðirnir voru á svæðinu við y200 ásinn. Allir könnunarskurðir voru 2 metrar á breidd og 5 metrar á lengd. Fastur hæðapunktur var settur út á steiptum kanti við inngang í kjallara, norðanmegin við íbúðarhúsið í Vatnsfirði.

Rannsóknin hefði ekki verið möguleg ef ekki hefði notið krafta Ruth Ann Maher, frá City University of New York, Graduate Center og Oddgeirs Hanssonar frá Fornleifastofnun Íslands og vil ég nota tækifærið og þakka þeim báðum fyrir góða vinnu. Einnig vil ég þakka Torfa H. Tulinius og Adolf Friðrikssyni fyrir aðstoð og að hafa tröllatru á verkefninu svo og staðarhaldaranum í Vatnsfirði, Baldri Vilhelmssyni sem í mörg ár hefur vonast til að framkvæmd yrði fornleifarannsókn í Vatnsfirði.

### **Skurður 1.**

Skurður 1 var í u.þ.b. 100 metra norður af kirkjugarðinum í ræktuðu túni. Á þessu svæði sést í yfirborði sporöskjulaga rúst, 15 metrar á lengd og 6 – 7 metrar á breidd og snýr hún nokkurn vegin í norður/suður. Skurðurinn var grafinn svo til fyrir miðri rústinni og sneri hann þvert á rústina, eða í austur/vestur. Rústin var öll mæld upp og teiknuð áður en að uppgröftur hófst.

Eftir að yfirborðslag [1] hafði verið fjarlægt kom í ljós ljósbrúnt lag [2] sem lá yfir öllum skurðinum. Þetta lag var að öllum



Mynd 5. Skurður 1. Horft til vesturs.

líkindum fokmold sem safnast hafði í rústina. Undir fokmoldinni var torflag [3] sem blandað var hvíttri leirkenndri mold og er hrun úr veggjum og þaki. Meira var af þessu jarðlagi innan í rústinni en að utan sem getur bent til að veggjum hafi verið ýtt inn í rústina. Vestan megin í skurðinum voru greinilegar veggjaleifar [12] sem hlaðnar höfðu verið úr torfi. Ekkert grjót sást í undirstöðum veggjarins. Veggurinn var illa farinn og ekki mikið eftir af honum nema neðsti hlutinn. Undir veggnum var malarlag [13] og var greinilegt að byggingin hafði verið lítillaga grafin niður og uppkastið notað sem undirstöður undir veggbyggingarinnar.

Eftir að torfhrunið hafði verið fjarlæggt kom í ljós svart kolalag [4] fyrir utan vegginn vestanmegin. Að innanverðu kom einnig í ljós svart lag [5] [6] sem byrjaði í u.þ.b. meters fjarlægð frá veggnum og náði alveg að skurðendanum austanmegin. Stór munur var á þeim lögum sem voru fyrir innan vegginn og því sem var fyrir utan. Það lag sem var fyrir utan var grófara, lausara í sér og með stórum kolamolum. Lagið að innanverðu var aftur á móti fíngert og mjög samanþjappað og er að öllum líkindum gólf byggingarinnar. Allt gólfagið í skurðinum var grafið í burtu og tekið í sýni.

Vestast í skurðinum komu í ljós röð af flötum steinum sem stóðu upp á rönd [10] og að innanverðu var svart öskulag, blandað viðarösku [9]. Hér er sennilega um að ræða eldstæði eða langeld í skála. Eldstæðið sneri, eins og rústin, norður suður og sást bara í suðvestur enda eldstæðisins, því það náði útfyrir könnunarskurðinn norðan og austanmegin. Staðsetning eldstæðisins og hleðsluaðferð svipar mjög til þess eldstæðis sem fanst við uppgröft í skálanum í Aðalstræti árið 2002.

Samanþjappað torflag [11] lá meðfram veggnum og hallaði í átt að eldstæðinu. Lagið endaði í u.þ.b. meters fjarlægð frá eldstæðinu. Torflagið var einungis að hluta til undir gólfinu. Þar sem að gólfíð huldi þetta torflag [11] lítilega næst eldstæðinu er líklegt að ekki hafi verið gengið mikið á því. Því má leiða rök að yfir því að þar hafi verið bekkir eða set sem komu í veg fyrir að gólfskán myndaðist á þessu svæði. Undir þessu lagi var möl [8] sem er óhreyfður jarðvegur.

Við vegginn að innanverði kom í ljós stoðarhola [15] og var hún full af gólfefni. Neðst í henni voru stoðasteinar og kindabein. Líklegt er að beininu hafi verið komið fyrir í holuni þegar að byggingin hafði verið reist. Önnur stoðarhola [16], [17] kom í ljós norðanmegin í skurðinum en helmingur hennar náði út fyrir mörk uppgraftrarins.

### Mannvirki 1

Mannvirkið sem kom í ljós í skurði 1 er vel varðveitt og að öllum líkindum leifar skála frá 10. öld. Þó er ekki hægt, enn sem komið er, að fullyrða um aldur byggingarinnar af nákvæmni þar

sem að engin gjóskulög frá sögulegum tíma sást í sniðum. Gripir sem fundust geta heldur ekki gefið hugmynd um aldur þar sem að allir gripir voru úr járni og flestir svo illa farnir að ekki var hægt að tegundargreina þá. Þá gripi sem hægt var að tegundargreina voru nokkrir



Mynd 6. Gólf í mannvirki 1. Nyrst sést í langeldinn.

naglar. Nokkur bein fundust við uppgröftin, bæði dýra- fiskbein og voru valin bein send til kolefnisgreiningar. Niðurstöður hennar er að vænta veturinn 2003-04.

Uppgrafrargögn benda til þess að við byggingu mannvirkisins hafi fyrst verið grafin grunn hola og veggir byggðir ofan á uppkastið. Veggir hafi síðan verið hlaðnir úr torfi og svo virðist sem að ekkert grjót hafi verið notuð í undirstöður veggjanna.

Margt bendir til þess að byggingin hafi verið rifin eftir að hætt hafi verið að nota hana. Engin merki um stoðir sáust í stoðarholum sem bendir til þess að allt timbur hafi verið fjarlæggt. Hrun úr veggjum var að mestu innan í byggingunni sem bendir til þess að veggjum hafi verið ýtt inn í mannvirkið eftir að það hafði verið yfirgefið.

Athyglisvert er að lítil jarðvegsþykknun hefur átt sér stað á þessu svæði því þykkt jarðlaga ofan á rústinni var hvergi meira en 20 cm. Almenn er jarðvegsþykknun hægt á Vestfjarðasvæðinu og til samanburðar var einungis 15 cm þykk fokmold ofan á verbúðarrúst á Sauratúni í Kaldraneshreppi, sem að öllum líkindum er frá 15. öld.

## Skurður 2

Skurður 2 var nokkra metra norðan við kirkjugarðinn eða í syðri jaðri gamla bæjarhólsins. Eins og skurður 1 var hann 5 metrar á lengd og 2 metrar á breidd og sneri hann austur/vestur. Tilgangur þessa skurðar var að kanna ástand bæjarhólsins og hvort að það hann væri frekari rannsókna virði.

Eftir að yfirborðslag [1] hafði verið fjarlæggt komu í ljós ruslalög [19/20] sem náðu yfir allan skurðinn. Sennilega eru einingar 19 og 20 sama lagið en nyrst í skurðinum var lagið svartara að lit og sandkendara [20]. Jarðlag 19 var mjög blandað og var mikið af torfhruni í því. Í báðum jarðlögunum fundust gripir frá ýmsum tímum, allt frá 18.öld og fram á 20. öld.

Nyrst í skurðinum kom í ljós veggbleðsla [30] úr grjóti sem tilheyrir mannvirki norðan skurðsins. Einungis lítið brot mannvirkisins kom í ljós við uppgröftinn. Annarstaðar í skurðinum komu í ljós ruslalög. Efst er lag [31] sem er torfblönduð mold og liggur fyrir miðjum skurðinum norðanmegin. Undir því er lag [32] sem er grátt ruslag og er syðst í skurðinum. Undir lagi [32] er torfblönduð mold sem nær yfir allan skurðinn sunnanmegin. Ákveðið var að grafa ekki dýpra í skurði 2 því líklegt er að miklar fornminjar leynist í hólum og nauðsynlegt að stækka svæðið verulega ef vel á að standa að uppgreftri.

## Mannvirki 2

Uppgröfturinn í skurði 2 leiddi í ljós að gamli bæjarhóllinn er að mestu leiti óskemmdur og að lítið hefur verið byggt í hólinn á 20. öld. Í hólum má búast við miklum fornminjum frá mismunandi tímum. Í skurði 2 kom í ljós mannvirki sem hlaðið var úr stóru hleðslugrjóti en vegna þess að aðeins lítið brot af mannvirkinu kom í ljós er ekki hægt að



Mynd 7. Skurður 2. Horft til vesturs. Í norðvestur horni skurðsins sést í grjóthleðslur.



fullyrða neitt um notkun þess en líklegt er að það hafi verið byggt á seinni hluta 19. aldar eða fyrri hluta þeirrar 20. Frekari rannsóknir á svæðinu munu varpa frekari ljósi á notkun byggingarinnar.

### Skurðir 3 og 4

Skurður 4 var suðvestan við skurð 1. Skurðurinn var 5 metrar á lengd og 3 metrar á breidd og sneri austur vestur. Skurðurinn var á svæði þar sem að ójöfnur sáust í yfirborði og var vonast til að einhverjar minjar leyndust þar undir. Eftir að yfirborðslag hafði verið fjarlægð kom í ljós jökulruðningur en engin mannvistarlög. Því var ekki grafið frekar í skurði 4.

Skurður 3 var suðaustan við skurð 1 á svæði þar sem að lögun yfirborðs benti til að mannvirki leyndist undir sverði. Skurðurinn var 5 metrar á lengd og 3 metrar á breidd og sneri austur vestur.



Mynd 8. Skurður 3. Horft til vesturs. Gólf byggingarinnar afmarkar útlínur veggja.

Undir yfirborðslagi [1] kom í ljós reglulegt malarlag [23], sem lá vestan megin í skurðinum og sneri það NV/SA. Malarlagið var u.þ.b. 2 m á lengd og 1 m á breidd. Bæði austan og vestan við malarlagið var ljósbrún fokmold [21, 22]. Í suðausturhorni skurðar var malarlag [27, 28], svipað lagi [23] og sneri það Sv/Sa. Malarlög [21, 22, 27 og 28] snéru þannig að líklega mynda þau 90° horn og eru neðsti hluti veggja sem flattir hafa verið út þegar að túnið var sléttað.

Eftir að fokmoldin hafði verið fjarlægð kom í ljós torflög [26, 29] sem að líkindum eru hrun úr veggjum og þaki. Undir torflöginu vestan megin við vegginn sem sneri Nv/Sa, var blandað ljósbrúnt moldarlag [37] með kolum og brenndum beinum. Þetta lag var ekki grafið í burtu. Austan veggjarins var svart kolalag [35] sem var afmarkað af veggjum vestan og sunnanmegin og hélt það áfram í norður og austur út fyrir skurðarmörk. Þetta lag var mjög samanþjappað og líklegt að það sé gólf í mannvirki sem stóð á þessu svæði. Jarðvegsýni vorutekin úr þessu lagi. Undir þessu lagi var þunnt torflag [36] sem lá ofan á óhreyfðir mól [38].

### Mannvirki 3.

Skurður 3 var grafinn u.þ.b. 10 metra austan við skurð 1 og á þessu svæði kom í ljós mannvirki sem að líkindum snýr norður/suður eins og skálabyggingin. Þetta mannvirki hafði skemmst vegna túnasléttu og voru veggjahleðslur alveg horfnar. Einungis sást móta fyrir neðsta hluta þeirra.

Ekki er hægt að fullyrða að svo stöddu um tilgang og notkun á mannvirki 3 þar sem að ekkert fannst sem getur bent afgerandi til ákveðinnar notkunar. Þeir gripir sem fundust í skurði 3 voru fáeinir járnútar sem ekki er hægt að tegunda né gerðagreina þá. Fekari rannsókn á þessu svæði mun geta varpað nánari ljósi á notkun mannvirkisins.

## Greining gripa

Heildarfjöldi gripa er fundust við fornleifauppgröft í Vatnsfirði er 285 gripir. Flestir gripirnir fundust í skurði 1, 274 gripir eða 95% af heildarfjölda. Í heild fundust 49 (17%) keramikbrot, 187 (67%) járngríp, 2 (0,7%) krítarpípúbrot, 8 (2%) brot úr múrsteinum og þakhellum, 29 (10%) glerbrot, 3 (1%) gripir úr brons, 1 (0,3%) úr blýi, 4 (1,3%) gripir úr steini og 2 (0,7%) úr lífrænu efni.

### Keramikbrot

Öll keramikbrot fundust í skurði 1. Í yfirborðslagi [1] fundust 6 keramikbrot og voru 5 þeirra úr hvítleir og 1 úr postulíni. Af þeim voru 4 brot skreytt með blárri skreytingu. Öll keramikbrot í yfirborði eru frá fyrri hluta 20. aldar.

Í jarðlögum 19 og 20 fundust 42 keramikbrot og voru 33 úr hvítleir og 9 úr postulíni. Af þeim voru 12 brot með skreytingu. Flest brotanna eru frá seinni hluta 19. aldar og fram á þá 20. Eitt brot er frá 18. öld og er það algengengur fundur í fornleifarannsóknnum á Íslandi. Brot sömu gerðar hafa fundist í Aðalstræti, Arnarhól (Ragnar Edvardsson, 1993) og í Skálholti. Engin brot af annari tegund en hvítleir og postulíni fundust í Vatnsfirði.

Tvö krítarpípúbrot fundust í jarðlögum 19 og 20. Þessi brot voru pípuleggir, annar þeirra var hvítur, með engri skreytingu en hinn var rauðbrúnn, með munstri.

### Málmar

Flestir gripanna sem fundust voru úr járni. Í yfirborðslagi [1] fundust 17 járngríp, 3 skeifur, 11 naglar og 3 ógreinanlegir gripir. Í jarðlögum [19],[20] fundust 162 járngríp, 13 skeifur, 134 naglar, 6 önglar og 9 ógreinanlegir gripir. Einnig fundust 3 bronsgríp, 1 pappírsklemma, 1 hnappur og 1 ógreinanlegur gripur. Í jarðlögum [19], [20] fannst einnig 1 gripur úr blýi og er það sennilega gömul byssukúla.

Í jarðlagi [5] og [6], sem var í skurði 1 fundust 8 gripir úr járni, 4 naglar og 4 ógreinanlegir gripir. Naglarnir voru allir af fornri gerð en erfitt er að geina nagla þar sem að naglar sömu tegundar voru notaðir yfir langt tímabil.

### Gripir úr lífrænu efni

Varðveisluskilríði fyrir fundi úr lífrænum efnum er slæm í Vatnsfirði. Einungis varðveittust gripir úr lífrænum efnum í skurði 2 en í öðrum skurðum fundust engir lífrænir fundir. Í jarðlagi [19] og [20] fannst einn skósóli og er hann sennilega frá 19.- 20. öld.

### Gripir úr steini

Fáir gripir úr stein fundust við fornleifarannsóknina, 1 tinnuflaga og 3 ógreinanlegir gripir. Allir þessir gripir fundust í skurði 1 í jarðlögum [5] og [6].

Niðurstöður gripagreiningarinnar benda til þess að í skurði 2 hafi verið grafið í jarðlögum, sem mikið rótað hefur verið í og líklegt er að þau séu frá 20. öld. Þetta er byggt á því að yngstu aldursgreinanlegir gripir eru frá 20. öld. Í skurði 1 og 3 fundust engir gripir sem hægt er að aldursgreina með vissu en vert er að benda á að engir gripir úr keramik fundust í þessum skurðum. Allir gripir í þessum skurðum voru úr járni og steini. Sterkar líkur eru á því að báðar byggingarnar séu frá því fyrir 1500.

### Niðurstöður

Tilgangur fornleifarannsóknarinnar 2003 var meðal annars að kanna ástand bæjarhólsins og leita annara minja í nágrenninu með framtíðarrannsóknir að leiðarljósi.

Á svæðinu þar sem að skurðir 1, 3 og 4 voru grafnir fundust leifar bygginga frá 10. öld sem virðast vera að miklu leiti óraskaðar frá því að hætt var að nota þær. Fundur þessara bygginga gefur einstakt tækifæri á að rannsaka minjar frá 10. öld í Vatnsfirði. Undir flestum kringumstæðum finnast ekki óraskaðar byggingar frá fyrstu árum byggðar í landinu þar sem að síðari tíma byggingar hafa verið byggðar ofan á eldri rústir. Þetta gefur fornleifafræðingum tækifæri á að fá upplýsingar um upphaf byggðar í Vatnsfirði og hvernig landnámi var háttað án þess að eyða miklum tíma og peningum að grafa í gegnum mörg byggingarskeið.

Könnunarskurðurinn í bæjarhólnum leiddi í ljós að hóllinn er að miklu leiti óskemmdur vegna nútíma bygginga. Þetta gefur tækifæri á því að rannsaka bæjarhólinn og öðlast skilning á þróun staðarins frá upphafi byggðar og fram á 20. öld.

Þessi rannsókn hefur staðfest að frekari rannsóknir í Vatnsfirði munu án nokkurs vafa geta safnað nýjum upplýsingum um búsetuþróun í Vatnsfirði frá landnámi og fram á okkar daga. Á sama tíma mun frekari rannsóknir í Vatnsfirði hjálpa okkur að öðlast betri skilning á byggðarsögu Vestfjarða. Vestfirðir hafa hingað til verið afskiptir hvað varðar fornleifarannsóknir en samt hafa þær litlu rannsóknir sem gerðar hafa verið bent til annarskonar efnahags- og búsetuþróunar en á víða annarstaðar á landinu. Skilningur okkar á efnahags- og búsetusögu landsins er ábótavant og þá sérstakleg á mikilvægi fiskveiða í efnahag landsins fyrr á öldum. Með því að auka rannsóknir á Vestfjörðum munum við auka skilning okkar á sögu svæðisins og um leið sög alls landsins.

Jörðin Vatnsfjörður er án nokkurs vafa mikilvægasta jörð á Vestfjarðasvæðinu í pólitískum og efnahagslegum skilningi frá landnámi fram á 16. öld. Rannsóknir á jörðinni munu leggja grunninn að frekari rannsóknum á Vestfjarðasvæðinu öllu.

Fyrir utan það að vera mikilvægt rannsóknarsvæði gefur Vatnsfjörður einnig möguleika á því að nýta rannsóknir á svæðinu í ferðamannaíðnaði. Búast má við að miklar fornminjar komi í ljós við rannsóknir í túni og á bæjarhólnum sem hægt væri að gera aðgengilegar ferðamönnum. Gripi og aðra muni sem kæmu í ljós við rannsóknina mætti hýsa í safni á staðnum. Slíkar framkvæmdir munu auka gildi staðarins og hjálpa til að gera Vatnsfjörð að mikilvægum áningarstað ferðamanna á borð við þingvelli og Þjórsárdal.

## Viðbætur

### a. Skrá yfir einingar

Nr.	Svæði	Lýsing	Dags.	Upphafstafir
1	1	Yfirborðslag/Torf	24.6.2003	Red
2	1	Ljósbrún fokmold/Yfir öllu.	24.6.2003	Red
3	1	Torfslag m. Hvítu torfi. Hrunlag.	24.6.2003	O.H.
4	1	Svart Kolalag/Vestanmegin/Fyrir utan bygginguna.	24.6.2003	Red
5	1	Svart Kolalag/Gólf innan í byggingu.	25.6.2003	Red
6	1	Gólfslag innan í skálanum.	26.6.2003	Ram
7	1	Járnrikt afmarkað jarðlag undir gólfi.	26.6.2003	Ram
8	1	Malarlag undir gólfi/Óhreyft.	26.6.2003	Red
9	1	Öskulag innan í eldstæði. Ógrafið	26.6.2003	Red
10	1	Eldstæði. (Strúktúr)	26.6.2003	Red
11	1	Torfslag innan í byggingu. Undir bekkjum. Ofan á nr.8.	26.6.2003	Red
12	1	Torfveggur. (Strúktúr)	26.6.2003	Red
13	1	Malarlag uppkast undir vegg.	26.6.2003	Red
14	1	Blandað lag (Torf og kol) utan húss. Ógrafið.	26.6.2003	Red
15	1	Skurður fyrir stoðarholu.	26.6.2003	Red
16	1	Skurður fyrir stoðarholu.	26.6.2003	Red
17	1	Fylling fyrir stoðarholu nr. 16.	26.6.2003	Red
18	1	Lítill skurður í SA hluta skurðsins.	26.6.2003	Red
19	2	"Modern" Ruslslag, torfhrun og grjót.	28.6.2003	OH/Ram
20	2	Svart sandkennt lag yfir grjóthleðslu í NV hluta.	28.6.2003	Ram
21	3	Fokmold undir yfirborðslagi. (Vestan megin)	30.6.2003	Ram
22	3	Fokmold undir yfirborðslagi. (Austan megin)	30.6.2003	Ram
23	3	Malarlag. Ofan á vegg?	1.7.2003	O.H.
24	3	Veggur. (Aðeins möl eftir)	1.7.2003	O.H.
25	3	Malarlag. Veggur. Sama og 24?	1.7.2003	Ram
26	3	Torfslag vestan byggingarinnar.	1.7.2003	Ram
27	3	Veggur. (Aðeins möl eftir) sama og 28.	1.7.2003	Red
28	3	Veggur. (Aðeins möl eftir) sama og 27.	1.7.2003	Red
29	3	Torfslag, Hrun?	1.7.2003	O.H.
30	2	Veggur í Norðvestur hluta.	2.7.2003	Red
31	2	Torfblönduð mold.	2.7.2003	Red
32	2	Grátt ruslslag.	2.7.2003	Red
33	2	Torfblönduð mold.	2.7.2003	Red
34	2	Svart ruslslag.	2.7.2003	Red
35	3	Svart kolalag (ofan á gólfi). Kannski gólf.	3.7.2003	Red
36	3	Torfblandað lag ofan á óhreyfðu.	3.7.2003	Red
37	3	Blandað lag (Torf og kol) utan húss. Ógrafið.	3.7.2003	Red
38	3	Óhreyfð mold/möl.	3.7.2003	Red

### c. Skrá yfir Teikningar.

Nr.	Tegund	Eining	Skali	Hnit	Lýsing	Dags.	Upphafst:
1	Lag		3	1:20	100/100	Ljósbrúnt lag með gráhvítum torfflekkjum.	24.6.2003 O.H.
2	Lag		4	1:20	100/100	Svart kolalag fyrir utan vegg.	24.6.2003 Red
3	Lag		5	1:20	100/100	Svart kolalag innan húss, ofan á gólfi.	25.6.2003 Ram
4	lag		6	1:20	100/100	Gólfslag í skála.	26.6.2003 Ram

5 lag	7 1:20	100/100	Járnrikt lag undir gólfi.	26.6.2003 Ram/OH.
6 Multi context	1:20	100/100	Svæði 1. Skáli.	26.6.2003 Red
7 Lag	19 1:20	195/200	"Modern" ruslaga, torfhrun og grjót í S2.	28.6.2003 OH/Ram
8 Lag	20 1:20	195/200	"Modern" Svart, sandkennt lag yfir "stétt".	28.6.2003 Ram
9 Lag	21,22,25 1:20	216/291	Fokmold undir yfirborðslagi á S3.	30.6.2003 Ram
10 Skurður/filling	23,24 1:20	216/291	SV3. Veggur.	1.7.2003 O.H.
11 Lag	26 1:20	216/291	Torflag, vestan við malarlag.	1.7.2003 Ram
12 Lag	29 1:20		Torfhrun?	1.7.2003 Ram/OH.
13 Skurður/filling	27,28 1:20	216/291	Svæði 3. Veggur.	1.7.2003 Red
14 Multi context	1:20	195/200	Svæði 2. Multi context.	1.7.2003 Red
15 Multi context	1:20	216/291	Svæði 3. Multi context.	2.7.2003 Red

### c. Skrá yfir jarðvegssýni.

Sýnanúmer	Svæði	Eininganúmer	Hnit	Lýsing	Dags.	Upphafst. Quant.
1	1	1	6	Gólflag 1/4	26.6.2003	1 poki
2	1	1	6	Gólflag 2/4	26.6.2003	1 poki
3	1	1	6	Gólflag 3/4	26.6.2003	1 poki
4	1	1	6	Gólflag 4/4	26.6.2003	1 poki
5	1	1	7	Járnrikt lag undir gólfi. 1/1.	26.6.2003	1 poki

### d. Skrá yfir fundi.

#### Eining 1.

	Fjöldi	Annað
Leirker:		
		Víkingaöld
		Miðaldir
		16.c-18.c
		18.c-20.c
		Modern.
	6	
Krítarpípur		
		Leggur
		Haus
		Stimpill
Byggingarefni		
	1	Þak
	4	Múrsteinn
		Þakpappi
		Annað
Málmar		
	173, skeifur, 11 naglar, 3 óþekkt.	Járn
		Brons
		Kopar
		Slag
Gler		
	2	Ílát
	1	Gluggi
		Annað
Lífrænt		
		Bein
		Skeljar
		Leður
		Viður
Ýmislegt		
	31	Samtals:

#### Eining 19/20

	Fjöldi	Annað
--	--------	-------

Leirker:	Víkingaöld	
	Miðaldir	
	16.c-18.c	1
	18.c-20.c	4
	Modern.	38
Kritarpípur	Leggur	1 Hvít kritarpípa.
	Haus	
	Stimpill	1 Rauðbrún kritarpípa.
Byggingarefni	Þak	2
	Múrsteinn	1
	Þakpappi	
	Annað	
Málmar	Járn	162 13 skeifur, 134 naglar, 6 önglar, 9 óþekkt.
	Brons	31 klemma, 1 hnappur, 1 óþekkt.
	Kopar	
	Blý	1 Byssukúla.
	Slag	
Gler	Ílát	17
	Gluggi	9
	Annað	
Lífrænt	Bein	
	Skeljar	
	Leður	1 Skósóli.
	Viður	
Ýmislegt	Steinn	2
	Samtals	243

### Eining 5.

	Fjöldi	Annað
Leirker:	Víkingaöld	
	Miðaldir	
	16.c-18.c	
	18.c-20.c	
	Modern.	
Kritarpípur	Leggur	
	Haus	
	Stimpill	
Byggingarefni	Þak	
	Múrsteinn	
	Þakpappi	
	Annað	
Málmar	Járn	74 naglar, 3 óþekkt.
	Brons	
	Kopar	
	Slag	
Gler	Ílát	
	Gluggi	
	Annað	
Lífrænt	Bein	
	Skeljar	
	Leður	
	Viður	1 Óþekkt.

Ýmislegt	Steinn	41 obsidian, 3 óþekkt.
	Samtals:	12

### Eining 6.

	Fjöldi	Annað
Leirker:		Víkingaöld Miðaldir 16.c-18.c 18.c-20.c Modern.
Krítarpípur		Leggur Haus Stimpill
Byggingarefni		Þak Múrsteinn Þakpappi Annað
Málmar		Járn 1 Brons Kopar Slag
Gler		Ílát Gluggi Annað
Lífrænt		Bein Skeljar Leður Viður
Ýmislegt		Samtals: 1

### e. Greining funda úr leir.

#### Eining 1.

Efni	Form	Tegund	Fjöldi	Þyngd (g)	Ummál (mm)	Skreyting	Athugasemdir	Aldursgreining
Hvítleir	Body	Diskur	1	6	4	Já	Blámálarð skreyting.	Nútími
Hvítleir	Body	óþekkt	1	8,5	5	Já	Blámálarð skreyting.	Nútími
Hvítleir	Body	óþekkt	1	10	4	Já	Brún blómaskreyting.	Nútími
Hvítleir	Body	óþekkt	1	3	3	Já	Blámálarð skreyting.	Nútími
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	3	Nei		Nútími
Postulín	Body	óþekkt	1	0,1	3	Nei		Nútími
Samtals:			6					


#### Eining 19/20

Efni	Form	Tegund	Fjöldi	Þyngd (g)	Ummál (mm)	Skreyting	Athugasemdir	Aldursgreining
Hvítleir	Barmur	óþekkt	1	0,1	3	Nei		
Hvítleir	Barmur	óþekkt	3	5,5	4	Já	Grænm./Kínv. Hús	Óviss.
Postulín	Barmur	diskur	1	0,1	3	Já	Blámálaðar rendur.	18.öld.
Hvítleir	Barmur	óþekkt	1	0,1	2,5	Já	Blátt að innan hvítt að utan	Óviss.
Hvítleir	Barmur	óþekkt	1	0,1	4	Nei		Nútími.
Hvítleir	Barmur	óþekkt	1	0,1	3	Nei		Nútími.
Hvítleir	Barmur	óþekkt	2	2	4	Já	Grænm.innan/Hvítar	19. öld


Hvítleir	Barmur	diskur	1	4	0,5 Já	rendur. Blám. Skreyting/hvít að utan.	19. öld
Hvítleir	Body	óþekkt	2	10	0,4 Já	Græn rönd/Blá/fjólublá blóm.	19. öld
Hvítleir	Body	óþekkt	2	3	0,3 Já	Brúnt að innan/blá rönd.	19. öld
Hvítleir	Body	óþekkt	2	0,1	0,3 Já	Grátt munstur á hvít. Grunni.	19: öld
Hvítleir	Body	óþekkt	1	3,5	0,4 Já	Blátt munstur á hvít. Grunni.	Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,2 Já	Blámáluð skreyting. Blámáluð ógreinileg skr.	Óviss.
Hvítleir	Botn	óþekkt	1	0,1	0,3 Já	Græn rönd.	Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,4 Já		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	5	0,5 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	5	0,9 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	3	0,4 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	4	4 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	2	0,5 Nei		Óviss.
Hvítleir	Barmur	óþekkt	1	2	0,4 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	2,5	0,5 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,4 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,3 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	3	0,5 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,3 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	3	0,3 Nei		Óviss.
Postulín	Body	óþekkt	1	2	0,2 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,3 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,3 Nei		Óviss.
Hvítleir	Barmur	óþekkt	1	4	0,4 Nei		Óviss.
Postulín	Barmur	óþekkt	1	0,1	0,3 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,5 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,3 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	0,1	0,2 Nei		Óviss.
Hvítleir	Body	óþekkt	1	28	0,9 Nei		20.öld.
Samtals:			42				




# Kort og teikningar




Kort 1. Hnitakerfi og staðsetning könnunarskurða í Vatnsfirði.



Kort 2. Túnakort Vatnsfjarðar frá 1918 (heimild: Þjóðskjalasafn Íslands).




Kort 3. Vatnsfjörður 2003.





**Vegir**  
**Túngarður**  
**Minjastaðir**


Kort 4. Minjastaðir innan túns.




Kort 6. Minjastaðir utan túns.




Teikn. 1. Útlínur skálans í Vatnsfirði og staðsetning skurða 1,3, og 4.



Teikn.2. Skurður 1 fyrir miðjum skála.



Teikn 3. Skurður 2 í bæjarhól. Nyrst sést í horn mannvirkis hlaðið úr tilhöggnu grjóti.



Teikn 4. Skurður 3, austan megin við skálann.